


**skoðun** 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
17. september 2010
218. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




### Uppgjör við góðærið

*Ármann Reynisson tekst á við útrásina í tíundu vinjettubók sinni.*

**tímamót** 16



### Stóðust hákarlaprófið

*Fyrstu tónleikar The Charlies í Los Angeles.*

**fólk** 30

### Stórt skref hjá Blikum



*Breiðablik er enn í toppsæti Pepsi-deildar karla eftir góðan útisigur á KR í gær.*

**sport** 26-27

### veðrið í dag




**BJART MEÐ KÖFLUM** víða á landinu í dag en þó lítils háttar skúrir suðaustanlands. Frekar hægur vindur af norðaustri og hiti á bilinu 3 til 14 stig.

VEÐUR 4



**MIKILVÆGT MÁL** Lögmaður Lýsingar, Sigurmar Albertsson, virðir fyrir sér dóminn í málinu ásamt lögmönnum lántakans, Gísla Baldri Garðarssyni og Jóhannesi Árnasyni. Sitt sýndist hverjum um niðurstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Höfuðstóll lækkar um allt að helming

**Höfuðstóll gengistryggðra bílalána lækkar um 25 til 47 prósent í kjölfar dóms Hæstaréttar í gær. Ráðherra mælir fyrir lögum til að tryggja jafnræði skuldara.**

**DÓMSMÁL** Höfuðstóll bílalána með ólögmætri gengistryggingu lækkar um 25 til 47 prósent með lögum sem efnahags- og viðskiptaráðherra hyggst mæla fyrir í upphafi næsta mánaðar. Lögunum er ætlað að tryggja að allir einstaklingar sem skulda gengistryggð húsnæðis- og bílalán njóti jafnræðis við uppgjör lánanna, í kjölfar dóms Hæstaréttar í gær um vexti af slíkum lánum.

Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms þess efnis að lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans skyldu koma í stað samningsvaxta, enda væru samningsvextirnir órjúfanlega tengdir gengistryggingunni og féllu úr gildi með ólögmæti hennar.

> Það er ekki verið að leysa neitt heldur aðeins færa víglínuna til.
>
> MARINÓ G. NJÁLSSON
> HJÁ HAGSMUNASAMTÖKUM HEIMILANNA

Talsmenn aðila vinnumarkaðarins eru sammála um að dómurinn veiti fótfestu til að leysa úr skuldavanda heimila og fyrirtækja. Hins vegar sé litlu hægt að spá um hvernig leyst verði úr flækjunum í kringum lán fyrirtækja. Talsmenn neytenda og skuldara fagna áfanganum en segja þó enn langt í land.

Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra hefur undirbúið löggjöf til að tryggja að niðurstaða dómsins taki til allra gengistryggðra húsnæðis- og bílalána einstaklinga og skuldarar njóti jafnræðis við úrlausn sinna mála.

Lán fyrirtækja eru enn í lausu lofti og óttast menn í stjórnsýslunni að fari þau fyrir dóm kunni þau öll að verða dæmd ólögmæt með tilheyrandi skelli fyrir fjármálakerfið. - sh, shá / sjá síður 4 og 6

Frétt á TV2 í Danmörku:

## Lífeyrissjóðir keyptu FIH

**VIÐSKIPTI Tveir danskir lífeyrissjóðir og sænskt tryggingafélag hafa keypt bankann FIH Erhvervsbank af skilanefnd Kaupþings. Þetta fullyrti danska sjónvarpsstöðin TV2 í gær.**

**Lífeyrissjóðirnir PFA og ATP, auk tryggingafélagsins Folksam, höfðu þó ekki viljað staðfesta fréttina í gærkvöldi. Félögin þrjú stóðu saman að tilboði í FIH en hitt tilboðið átti enskur fjárfestingarsjóður, Triton, í samvinnu við aðra danska lífeyrissjóði.**

**Helga Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi skilanefndarinnar, gat ekki staðfest fréttina í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.** - sh




**BISKUPSTOFA** Fagráð um meðferð kynferðisbrota hefur haft málin til skoðunar.

Biskupsstofa upplýsir ásakanir:

## Þrjú fyrnd brot prests í skoðun

**ÞJÓÐKIRKJAN** Þrír einstaklingar hafa sakað prest um kynferðislega áreitni og kynferðisbrot. Biskupsstofa staðfestir þetta en fagráð kirkjunnar um kynferðisbrot hefur haft málið til umfjöllunar.

„Brotin áttu sér stað fyrir 25 árum og eru því fyrnd að lögum. Viðkomandi prestur hefur ekki gegnt föstu embætti í kirkjunni um árabil," segir í bréfi frá Biskupsstofu. „Hann mun sökum brotanna ekki gegna störfum sem prestur né koma fram á vegum þjóðkirkjunnar, safnaða hennar, stofnana eða kristilegra félaga sem starfa innan vébanda hennar." Presturinn er sakaður um að hafa brotið gegnum tveimur unglingum á sextánda ári og einum fullorðnum. - eh

Ríkisstjórninni verður kynnt skýrsla Magma-nefndarinnar í dag:

## Kaupin á HS Orku líklega lögleg

**IÐNAÐUR** Kaup Magma Energy Sweden á HS Orku eru í samræmi við lög samkvæmt þremur af fjórum mögulegum lagatúlkunum sem fjallað er um í skýrslu nefndar um orku og auðlindamál sem fjalla átti um kaupin.

Skýrsla Magma-nefndarinnar verður kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar í dag, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru í henni reifaðar nokkrar leiðir sem stjórnvöld hafa til að bregðast við vegna kaupa Magma. Álitamálum vegna kaupanna verði hins vegar ekki svarað nema fyrir dómstólum.

Samkvæmt heimildum blaðsins er meginniðurstaða nefndarinnar sú að kaup Magma samrýmist íslenskum lögum og að ekki hafi verið að finna augljósa annmarka á þeim samningum sem nefndin hafði til skoðunar.

Um leið munu dregnar upp ólíkar leiðir við túlkun á lögum. Einungis í einni af fjórum mögulegum túlkunum er niðurstaðan sú að kaup Magma samrýmist ekki íslenskum lögum. Til að komast að slíkri niðurstöðu þyrfti að víkja frá formlegri túlkun lagaákvæða og gefa sér að Magma Energy í Kanada væri aðili að kaupunum, ekki Magma í Svíþjóð.

Í skýrslu nefndarinnar mun þó koma fram að samkvæmt athugun hafi verið stofnað til fyrirtækisins Magma Energy í Svíþjóð með lögmætum hætti og fyrirtækið skráð í samræmi við sænskar reglur. - óká










**SPURNING DAGSINS**



*„Þórir, þyrfti þingmannanefndin að endurskoða ályktanir sínar?*

„Endurskoðun er alltaf nauðsynleg.“

Þórir H. Ólafsson er formaður Félags löggiltra endurskoðenda. Þórir segir það rangt hjá þingmannanefnd um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að engar breytingar hafi orðið í umhverfi endurskoðenda eftir hrunið.

Forstjóri Barnaverndarstofu um meðferð kynferðisbrots gegn barni í Vestmannaeyjum:

# Vinnubrögð ekki í samræmi við verklagsreglur

**BARNAVERND** „Samkvæmt forsendum dóms héraðsdóms var um að ræða verklag sem samræmist ekki þeim faglegu kröfum sem Barnaverndarstofa gerir í málum af þessu tagi.“

Þetta segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, spurður um vinnubrögð við rannsókn á kynferðisbrotamáli í Vestmannaeyjum þar sem rúmur mánuður leið frá því að meint brot átti sér stað þar til brotaþolinn, lítil stúlka, var færð til skýrslutöku í Barnahúsi. Í millitíðinni var barnið ítrekað yfirheyrt um atvikið hjá sálfræðingi, auk þess sem móðir þess lét það taka þátt í sérstökum leik til að fá fram frásögn þess af því sem gerst hafði. Taldi dómurinn þessa málsmeðferð til þess fallna að rýra sönnunargildi Barnahússkýrslunnar og sýknaði á þeim grundvelli hálf áttræðan mann sem ákærður hafði verið fyrir kynferðisbrotið gegn stúlkubarninu.

„Það er mjög mikilvægt að barnið hafi ekki þurft að sæta ítrekuðum viðtölum við rannsakendur í svona málum áður en það fer í skýrslutöku í Barnahúsi,“ segir Bragi. Hann undirstrikar að ekki sé verið að taka afstöðu til sýknudómsins sem slíks. Hins vegar verði farið yfir málsmeðferðina með starfsmönnum og barnaverndarnefnd og að líkindum gerðar athugasemdir við verklagið að svo búnu.

Nítján konur kærðu manninn í kjölfar kæru foreldra litlu stúlkunnar.

„Þetta er mjög þekkt munstur,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. „Þegar einhver rýfur þögnina þá opnast flóðgáttir. Sumir kynferðisbrotamenn hafa langa slóð á eftir sér.“ **- jss**



**VESTMANNAEYJAR** Forstjóri Barnaverndarstofu mun ræða við barnaverndarnefndina í Vestmannaeyjum.

Arion banki selur Heklu:

## Söluferlið verður öllum opið

**VIÐSKIPTI** Allt hlutafé bifreiðaumboðsins Heklu verður boðið til sölu, samkvæmt tilkynningu Arion banka, sem á fyrirtækið. Fjárfestum, sem uppfylla skilyrði þátttöku, verður gefinn kostur á að fá upplýsingar um félagið og bjóða í það í framhaldinu.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að selja allt hlutaféð í einu lagi og að söluferlið er opið öllum sem að mati bankans hafi viðeigandi þekkingu og nægan fjárhagslegan styrk.

Áhugasömum er bent á að skila trúnaðaryfirlýsingu til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka, en sölugögn verða í kjölfarið afhent á tímabilinu 21. til 28. september. **- óká**

Hæstiréttur þyngir dóm:

## Kannabisræktandi inni í ár

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur þyngt dóm yfir kannabisræktanda í eitt ár, óskilorðsbundið, úr þriggja mánaða skilorðsbundnu fangelsi í héraði. Maðurinn var sakfelldur fyrir vörslu á 322 kannabisplöntum ætluðum til sölu og fyrir að hafa um nokkurt skeið staðið að ræktun þeirra.**

**Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að samkvæmt matsgerð sem lá fyrir í málinu mátti ætla að plönturnar gætu gefið af sér um nítján kíló af maríjúana og 322 grömm af hassolíu.**

**Annar kannabisræktandi var dæmdur í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi, í stað þriggja mánaða skilorðsbundins fangelsis í héraði.** **- jss**

**ÁRÉTTING**

Í frétt um mál hina svokölluðu nímenninga í Fréttablaðinu í gær var ranglega fullyrt að þeir hefðu ráðist á Alþingi. Hið rétta er að þeir hafa verið ákærðir fyrir árásina en ekki sakfelldir.

# Mikið hass fannst í skattsvikarannsókn

**Lögregla fann á tólfta kíló af hassi í húsleit sem gerð var vegna rannsóknar á stóru skattsvikamáli. Um 270 milljónir sviknar út með tilefnislausum endurgreiðslum á virðisaukaskatti. Sex í haldi, þeirra á meðal starfsmaður skattsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Á tólfta kíló af hassi fannst í einni þeirra húsleita sem gerðar voru í vikunni vegna umfangsmikils skattsvikamáls sem lögreglan í höfuðborginni hefur nú til rannsóknar. Heimildir Fréttablaðsins herma að lögregla rannsaki hvort ágóðinn af svikunum hafi runnið til fíkniefnakaupa.

Sex manns sitja nú í gæsluvarðhaldi grunaðir um að hafa svikið út rúmlega 270 milljónir króna endurgreiðslur á virðisaukaskatti. Einn þeirra sem eru í haldi er starfsmaður Ríkisskattstjóra. Grunur er um að gögn sem skilað var til skattsins hafi verið fölsuð og að vitorðsmaðurinn hjá skattinum hafi komið þeim í gegnum kerfið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa í það minnsta sumir hinna handteknu hlotið dóma, og þá fyrir annars konar brot en efnahagsbrot.



**JÓN H.B. SNORRASON**

„Þetta mál er stórt og flókið og umfangsmikið,“ segir Jón H.B. Snorrason, sem hefur umsjón með rannsókninni. „Þarna er grunur um að sviknar hafi verið út úr ríkissjóði 270 milljónir með því að leggja fyrir skattstofu röng, fölsuð og tilefnis- og tilhæfulaus gögn um starfsemi og greiðslu virðisaukaskatts sem síðan hefur falið í sér endurgreiðslu á skattinum.“

Upphaflega voru níu manns handteknir vegna rannsóknar lögreglu í aðgerðum hennar á þriðjudag og í fyrradag. Þremur var sleppt að loknum yfirheyrslum þar sem ekki þótti ástæða til að halda þeim lengur.




**RÍKISSKATTSTJÓRI** Hinir meintu svikahrappar áttu sér vitorðsmann hjá skattayfirvöldum.



Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á gæsluvarðhaldskröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu yfir hinum sex. Fólkið er allt íslenskt, fjórir karlmenn og tvær konur. Sexmenningarnir sæta gæsluvarðhaldi til næstkomandi mánudags, þeir sem styst voru úrskurðaðir, en hinir í allt að tvær vikur. Lögreglan, ásamt starfsmönnum frá skattrannsóknarstjóra, framkvæmdi húsleitir í tengslum við allar handtökurnar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er fólkið talið hafa sett á fót sýndarfyrirtæki sem hafði enga raunverulega starfsemi en sýndi fram á með fölsuðum gögnum að það hefði varið stórfé til endurbóta á húsnæði. Fyrirtæki sem eru með húsnæði í uppbyggingu, sem síðan munu verða í virðisaukaskattskyldri starfsemi, geta fengið sérstaka heimild til endurgreiðslu á innskatti meðan á uppbyggingunni stendur sem í þessu tilviki var veitt af vitorðsmanninum hjá skattinum.

Jón segir að rannsóknin hafi hafist í síðustu viku, eftir að fjármálastofnun sendi ábendingu um ætlað peningaþvætti til lögreglu. Meint brot hafi staðið lengi, jafnvel árum saman. Ágóðinn af brotunum hafi ekki verið endurheimtur og einn þáttur rannsóknarinnar snúi einmitt að því að komast að því hvað hafi orðið um féð. **- jss, sh**

Vanræksla fjögurra ráðherra:

## Tillögur um málshöfðanir ræddar í dag

**ALÞINGI Þingsályktanir um málshöfðun gegn fjórum fyrrverandi ráðherrum verða ræddar á Alþingi í dag. Verði þær samþykktar verður landsdómur kallaður saman í fyrsta sinn. Niðurstaða þar um mun að líkindum fást í næstu viku.**

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, mætti í gærkvöldi til fundar við þingflokk Samfylkingarinnar, en fulltrúar flokksins í þingmannanefndinni sem fjallaði um rannsóknarskýrslu Alþingis lögðu til að hún yrði ákærð fyrir Landsdómi. Fundinum var ekki lokið er Fréttablaðið fór í prentun.**

**Þingfundurinn hefst klukkan hálf ellefu í dag.** **- bþs**

Óvænt útspil Svandísar:

## Dagur Ómars og náttúrunnar

Afmælisdagur Ómars Ragnarssonar, 16. september, verður gerður að degi íslenskrar náttúru. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hyggst kynna málið á ríkisstjórnarfundi í dag.

Málið virðist ekki hafa átt sér langan aðdraganda. Í síðdegisútvarpi Rásar 2 í gær viðraði einn hlustenda þá skoðun sína að gera afmælisdag Ómars, sem varð sjötugur í gær, að degi íslenskrar náttúru.

Þáttarstjórnandinn hafði samband við Svandísi strax að útsendingu lokinni og sagðist hún hrífast af hugmyndinni, sem fer vel við önnur þekkt sjónarmið Svandísar og Ómars í umhverfis... 






Kaþólska kirkjan á Íslandi vissi ekki um ásakanir um kynferðislega misnotkun:

# Ásakanir kalla á hreinsanir

**TRÚMÁL** Biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, Pétur Bürcher, segist ekki hafa vitað af ásökunum á hendur forvera hans í biskupsstóli, Jóhannesi Gijsen.

Gijsen hefur verið ásakaður um kynferðislega misnotkun gegn börnum í hollenskum skóla á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

Núverandi biskup segir kaþólsku kirkjuna líta þessar ásakanir alvarlegum augum.

„Það er von kaþólsku kirkjunnar að málið verði til lykta leitt og að öllu réttlæti verði fullnægt,“ segir Bürcher.

Séra Jakob Rolland, kanslari biskupsdæmis kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, segir mál tengd kynferðisbrotum hafa verið rædd innan kirkjunnar og ef slíkt komi upp muni stofnunin bregðast við á þann hátt að landslögum sé fylgt og réttlæti fullnægt, þannig að bæði gerendur og þolendur fái rétta meðferð.

Varðandi hrinu ásakana í kynferðisbrotamálum innan kaþólsku kirkjunnar um heim allan segir Rolland að slíkt sé merki um að breytinga sé þörf.

„Þetta kallar á hreinsanir innan kirkjunnar,“ segir hann. „Að halda betur utan um rekstur hennar og að starfsmenn haldi sig við skírlífisheit sitt.“ Rolland segir ekkert tilfelli um kynferðislegt ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar hafa komið upp hér á landi, að kirkjunni vitandi. **- sv**



**PÉTUR BÜRCHER OG JÓHANNES GIJSEN** Bürcher segir kaþólsku kirkjuna ekki hafa vitað af ásökunum um kynferðislega misnotkun á hendur fyrrverandi biskupi kirkjunnar.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

## Vinsælar brottfarir að seljast upp!



### Flugsæti

**Verð frá 77.500 kr***
og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife
27. nóv. Kanarí

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 87.500 kr.

### Flugáætlun

**Tenerife**
7. okt. uppselt,16. og 28. okt. örfá sæti laus
13. og 27. nóv.
11. des.
21. des. uppselt
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

**Kanarí**
30. okt. uppselt
27. nóv.
11. des., 21. des. nokkur sæti laus
5. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
15. feb. uppselt
1. mars nokkur sæti laus
17. apr.

## Tenerife



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvu-leikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.



Nýtt hjá VITA

### Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

**Verð frá 123.970 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 148.810 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 133.970 kr.

## Kanarí



Aðeins hjá VITA

### Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**29. mars-5. apr.**

**Verð frá 104.510 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 111.650 og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 114.510 kr.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51521 09/10

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

**DÓMUR Í MYNTKÖRFULÁNAMÁLI:** Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms

# Miðað skal við lægstu vexti Seðlabankans

**Miða skal við hagstæðustu vexti Seðlabankans við uppgjör ólögmætra gengistryggðra lánasamninga. Svo dæmdi Hæstiréttur í gær og staðfesti þar með dóm héraðsdóms. Órjúfanleg tengsl séu milli samningsvaxta og gengistryggingar.**

Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að miða skuli við hagstæðustu vexti Seðlabankans við uppgjör ólögmætra gengistryggðra lána.

Dómur Hæstaréttar var kveðinn upp rétt eftir klukkan fjögur síðdegis í gær að viðstöddu fjölmenni. Málið sem tekist var á um snerist um gengistryggðan samning um bílalán sem fjármögnunarfyrirtækið Lýsing gerði við lántaka. Ákveða þurfti hvaða vexti lánið skyldi bera eftir að tengingin við myntkörfu var dæmd ólögmæt.

Lánþeginn krafðist þess að samningsvextir yrðu látnir gilda, en þeir eru miklum mun lægri en lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans á hverjum tíma, sem héraðsdómur hafði áður dæmt að skyldu gilda. Samningsvextirnir voru einungis um 4,3 prósent, en seðlabankavextirnir á þessum tíma á bilinu 15 til 20 prósent.

Niðurstaða dómsins er efnislega á sömu leið og dómur héraðsdóms; bein og órjúfanleg tengsl séu á milli samningsvaxtanna og þeirrar staðreyndar að lánið var gengistryggt og því skyldi, úr því að gengistryggingarinnar nyti ekki lengur við, líta með öllu fram hjá vaxtaákvæði samningsins. Þegar engir vextir eru í gildi, eins og í því tilviki, segja íslensk vaxtalög að miða skuli við vexti Seðlabankans. Lánþeginn þarf því að greiða tæplega 800 þúsund króna eftirstöðvar lánsins, í stað einungis um 123 þúsunda ef samningsvextir hefðu verið látnir gilda.

stigur@frettabladid.is



**RÝNT Í NIÐURSTÖÐUNA** Lögmenn Lýsingar og lántakandans virða fyrir sér dóm Hæstaréttar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 2 milljóna króna bílalán tekið 2007

**Upphafleg fjárhæð:** 2.000.000 kr. **Lán tekið:** 15. júlí 2007 **Lánstími:** 84 mánuðir
**Mynt:** 50% japanskt jen, 50% svissneskir frankar **Vaxtaálag:** 3,10%

| Útreikningur á stöðu láns miðað við að Hæstiréttur hefði ekki dæmt gengistengingu bifreiðalána ólögmæta | Útreikningur á stöðu láns eftir dóm Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggingar á bifreiðarlán með samningvöxtum | Útreikningur miðað við breytilega vexti Seðlabanka Íslands án verðtryggingar |
|---|---|---|
| **Staða láns** 3.050.123 kr. | **Staða láns** 1.235.816 kr. | **Staða láns** 1.401.078 kr. |
| **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 67.790 kr. | **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 26.937 kr. | **Fjárhæð síðasta gjalddaga** 33.777 kr. |
| **Staða láns miðað við ofborganir** 3.050.123 kr. | **Staða láns miðað við ofborganir** 210.278 kr. | **Staða láns miðað við ofborganir** 884.895 kr. |
| **Ofgreitt til fjármögnunarfyrirt.** 0 kr. | **Ofgreitt til fjármögnunarfyrirt.** 920.475 kr. | **Ofgreitt til fjármögnunarfyrirt.** 510.705 kr. |
| **Vextir á ofgreiðslu** 0 kr. | **Vextir á ofgreiðslu** 105.063 kr. | **Vextir á ofgreiðslu** 5.479 kr. |
| **Inneign hjá fjármögnunarfyrirt.** 0 kr. | **Inneign hjá fjármögnunarfyrirt.** 1.025.538 kr. | **Inneign hjá fjármögnunarfyrirt.** 516.183 kr. |

Þeir sem vilja fá útreikning á sínu láni til viðmiðunar geta farið á vefsíðu Sparnaðar, www.sparnadur.is, og pantað tíma.

Til þess að fá lánið sitt reiknað þarf viðkomandi að taka með sér lánasamninginn ásamt síðasta greiðsluseðli.

Niðurstaða útreikninga er eingöngu til þess að gefa mynd af hugsanlegri niðurstöðu. Þeir voru gerðir 30. júní.

## Allir setjist niður og klári mál fyrirtækja



„Hvað verður um þau fyrirtæki sem þegar eru orðin gjaldþrota?"

**VILHJÁLMUR EGILSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI SA

„Það er gott að fá þessa niðurstöðu og stórt skref í að eyða óvissu," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Meginlínan er að dragast upp. Það sem nú þarf að gerast hvað varðar fyrirtækin er að allir setjist niður við sama borð, bankarnir og viðskiptavinirnir, og fari yfir hvernig best sé að vinna úr lánamálum fyrirtækjanna. Það verður að ganga eins hratt og mögulegt er í fjárhagslega endurskipulagningu á atvinnulífinu án þess að réttur sé tekinn af einum eða öðrum."

Vilhjálmur segir ekki einhlítt hver græði og hver tapi á uppgjörinu. „Í gegnum tíðina hafa margir hagnast á þessum lánum, sem nú er búið að ákveða hvernig á að vaxtareikna aftur í tímann. Svo eru aðrir sem hafa tapað. Þá vaknar spurningin gagnvart fyrirtækjunum hvort bankarnir eigi kröfurétt á fyrirtækin sem hafa hagnast. Það er svo hin hliðin á peningnum hvað verður um fyrirtækin sem töpuðu." Alls konar mál munu koma upp, segir Vilhjálmur og nefnir dæmi: „Hvað um þau fyrirtæki sem þegar eru orðin gjaldþrota? Hvað gerist með fyrirtæki sem reynst hafa borgað of lítið, þegar lánin verða reiknuð upp?"

Mestu skiptir, segir Vilhjálmur, að nú í fyrsta skipti sé hægt að taka á þessum málum þegar grundvallar óvissunni um vextina hefur verið eytt. - shá

## Óvissu létt en mörg flókin mál óútkljáð



„Margir greiddu upp sín lán og það þarf að svara því hvaða rétt þetta fólk á."

**ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR** UMBOÐSMAÐUR SKULDARA

„Ég mun fylgjast mjög vel með framhaldi þessa máls. Það má segja að nú hafi aðeins verið stigið eitt skref af mörgum þar sem mörgum spurningum er enn ósvarað," segir Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara.

Ásta slær varnagla við að oftúlka tíðindi dagsins. Í flestum tilfellum muni höfuðstóll lána lækka verulega frá þeim tíma þegar gengistryggð lán töldust lögmæt en líta verði til þess að sú niðurstaða að vextir skuli á hverjum tíma vera jafnháir lægstu óverðtryggðu vöxtum Seðlabanka Íslands geti reynst skuldurum afar þungur baggi. Fer slíkt eftir því á hvaða tíma hið ólögmæta gengistryggða lán var tekið. „Lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabanka Íslands eru nú 7,75 prósent, en á tímabilinu frá september 2006 til júní 2009 voru lægstu óverðtryggðu vextir frá fimmtán til 21 prósent. Þessa vexti þurfa sumir skuldarar nú að borga."

Ásta fagnar því að óvissu hafi verið létt af þúsundum heimila með þessum fordæmisgefandi dómi. Óvissan um vexti þessara lána hafi reynst skuldurum mjög erfið og tafið það mjög að einstaklingar í greiðsluerfiðleikum geti áttað sig á sinni raunverulegu skuldastöðu og endurskipulagt fjármál sín í samræmi við hana. - shá

## Mikilvægt að eyða óvissunni um lánin



„Ég átti von á því að samningsvextir myndu standa."

**GYLFI ARNBJÖRNSSON** FORSETI ASÍ

„Það er ánægjulegt að búið er að eyða þeirri óvissu sem verið hefur um þessi mál. Þetta hefur tafið mjög fyrir því að hægt væri að fara í eðlilega tiltekt á skuldastöðu heimilanna. Löggjöfin hefur verið þannig að fólk ber skuldir fram yfir gröf og dauða," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir niðurstöðuna hins vegar hafa komið á óvart. „Ég átti von á því að samningsvextir myndu standa. Það hefði þýtt meiri niðurfærslu skulda hjá tilteknum hópi en líka að heimilin hefðu þurft að taka á sig miklar byrðar í gegnum hið opinbera, enda hefði höggið gengið nærri fjármálafyrirtækjunum.

Gylfi bendir á að dómur Hæstaréttar sé frábrugðinn dómi í héraði í þeim skilningi að þar er mun skýrari afstaða tekin, sem auðveldar úrvinnsluna. „Ég fagna yfirlýsingu ráðherra um að setja eigi lög sem tryggja jafnræði óháð lánasamningum."

Gylfi segist hafa skilning á því að greinarmunur sé gerður á lánum fyrirtækja og heimila. Fyrirtækin hafi meiri þekkingu, þar á milli sé meira jafnræði. Hins vegar sé flækjustigið varðandi fyrirtækjalánin gríðarlegt og litlu hægt að spá um hvernig úr því máli verður leyst.

Gylfi segir að málið hafi seinkað efnahagsbatanum verulega og staðið nauðsynlegum aðgerðum fyrir þrifum. Dómurinn veki vonir um að hægt verði að þoka mikilvægum málum af stað. - shá




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGIN** Það fer heldur kólnandi veðrið á landi næstu daga en sem betur fer verður lítil vindkæling því vindur verður fremur hægur. Það verður bjart með köflum nokkuð víða en suðaustanlands má þó búast við lítils háttar vætu.



**Á MORGUN** Fremur hægur vindur um mest allt land.

**MÁNUDAGUR** Fremur hægur vindur um mest allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 19° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Skiptibílamarkaður

## Skólabókardæmi um betri bílakaup




**Gríptu tækifærið!** Fjöldi betri notaðra bíla á frábæru verði.
Komdu með bílinn þinn, við skoðum hann, metum hann og gerum
þér tilboð sem er skólabókardæmi um betri bílakaup.

**Opið í dag föstudag frá kl. 09.00 til 18.00**
**og á morgun laugardag frá kl. 12.00 til 16.00**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

**Toyota Kletthálsi**
**Klettháls 2**
**Sími: 570-5220**

Today
Tomorrow
Toyota

## DÓMUR Í MYNTKÖRFULÁNAMÁLI: Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms

### Vantar lagarök og kröfur inn í málið



„Þetta eru vonbrigði þar sem ég bjóst ekki við þessari niðurstöðu. Ég taldi að málinu yrði annaðhvort vísað í hérað að nýju, þar sem það vantaði lagarök og kröfur inn í málið, eða að einhver millilausn yrði valin,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

Spurður hvort hann sé þeirrar skoðunar að mistök hafi verið gerð í málflutningnum svarar Gísli játandi. „Ég reyndi að aðstoða lögmennina og kallaði til sérfræðinga til að búa málið betur úr garði. Þeir hlustuðu of lítið og of seint á það. Þar á meðal að brúa þetta bil á milli ýtrustu krafna aðila og breikka matseðil réttarins svo hann hefði úr einhverjum raunhæfum kostum að velja. Ég er ekki að gagnrýna Hæstarétt heldur segja að það hefði þurft að gefa honum hugmyndir.“ Gísli tekur undir að það sé grafalvarlegt mál að betur var ekki staðið að málum.

Gísli segir það möguleika að málinu verði vísað fyrir EFTA-dómstólinn. „Ég vil ekki útiloka að það sé fært og það gæti skýrt hvort brotið er á neytendarétti með því að breyta kjörum eftir á.“

Gísli samsinnir því að það gæti verið hollt að málinu yrði vísað út fyrir landsteinana en EFTA-dómstóllinn geti aðeins dæmt í málinu út frá Evrópurétti. Dómstóllinn endurmeti ekki dóm innlends dómstóls um innlenda löggjöf. - shá

> Þetta eru vonbrigði þar sem ég bjóst ekki við þessari niðurstöðu.
>
> **GÍSLI TRYGGVASON** TALSMAÐUR NEYTENDA

### Úr yfirlýsingum fjármálafyrirtækja

**LANDSBANKI ÍSLANDS:** „Með dómi Hæstaréttar og viðbrögðum efnahags- og viðskiptaráðherra við honum eru stigin stór skref til að eyða þeirri óvissu sem uppi hefur verið. Landsbankinn telur að nú séu allar forsendur til að taka kröftuglega á skuldamálum bæði fyrirtækja og einstaklinga og mun leggja sitt af mörkum í þá veru.

**ARION BANKI:** Með boðuðu frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra, í kjölfar dóms Hæstaréttar Íslands í dag, er dregið úr óvissu sem ríkt hefur að undanförnu um skuldamál einstaklinga. Hið langvinna óvissuástand hefur valdið viðskiptavinum bankans óþægindum og takmarkað svigrúm hans til úrlausnar á skuldamálum einstaklinga og heimila. Í kjölfar lagasetningar mun liggja fyrir nákvæmari útfærsla og útreikningar gagnvart viðskiptavinum Arion banka.

**ÍSLANDSBANKI:** Hefur í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar einsett sér að flýta vinnu varðandi uppgjör og endurútreikning erlendra bílalána, kaupleigusamninga og einkaleigusamninga. Niðurstaða þeirrar vinnu mun liggja fyrir um miðjan október næstkomandi í þeim tilvikum þar sem ekki hefur verið um yfirtökur eða uppgreiðslur á lánasamningum að ræða.






**AÐGERÐIRNAR KYNNTAR** Heyra mátti á þeim Má, Árna Páli og Gunnari að þeir væru ánægðir með dóm Hæstaréttar, þætti hann sanngjarn og hann hefði í för með sér lágmarkshögg á fjármálakerfið og almenning. Eftir sem áður þarf ríkið líklega að leggja bönkunum til 20 til 30 milljarða króna vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Allir skuldarar verði jafnsettir með lögum

**Lög verða sett til að tryggja að niðurstaða Hæstaréttar taki til allra húsnæðis- og bílalána einstaklinga. Lán til fyrirtækja eru enn í lausu lofti en efnahags- og viðskiptaráðherra segir að það væri ósanngjarnt ef það sama gilti um þau öll.**

Setja á lög til að tryggja það að niðurstaða Hæstaréttar í máli Lýsingar frá því í gær gildi um öll gengistryggð húsnæðis- og bílalán einstaklinga. Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra kynnti þessa ákvörðun stjórnvalda á blaðamannafundi í gær, ásamt Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og Gunnari Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Frumvarp að lögunum verður lagt fram í upphafi næsta þings í október.

Árni Páll sagði að lögunum væri ætlað að tryggja jafnræði og að sanngirnis yrði gætt við uppgjör allra gengistryggðra húsnæðis- og bílalánasamninga óháð orðalagi þeirra. Þetta mun hafa í för með sér 25 til 47 prósenta lækkun höfuðstóls bílalánanna, að því er fram kom á fundinum.

Samkvæmt lögunum verða þá öll íbúðalán sem tengd eru gengi ólögmæt, líkt og bílalánin. Húsnæðislánin verða færð yfir í íslenskar krónur og verðtryggð kjör, sem einnig á að lækka eftirstöðvarnar. Lántakendum mun þó bjóðast að breyta láninu í löglegt erlent lán eða í óverðtryggða íslenska vexti.

Heildarvirði gengisbundinna bílalána til einstaklinga er 61 milljarður, húsnæðislána 78 milljarðar og svo eru önnur lán til einstaklinga sem lögin munu ekki taka til. Þau nema 46 milljörðum, fyrir ýmiss konar neyslu, hlutabréfakaupum og öðru.

Enn fremur eiga lögin að tryggja samræmdar reglur um endurgreiðslu ofgreiddra afborgana þegar það á við.

Lögin munu hins vegar ekki taka til gengistryggðra lána fyrirtækja.

#### Aðgerðirnar taka til lítils hluta gengislána




Árni Páll útskýrði á fundinum að stjórnvöldum þætti ekki sanngjarnt að létta byrðar allra fyrirtækja með þeim hætti, í ljósi þess að sum þeirra þyrftu alls ekki á því að halda og önnur ættu það ekki endilega skilið.

Þannig væri tæpast rétt að aðstoða svávarútvegsfyrirtækin, sem hafa nær allar sínar tekjur í erlendri mynt og þurfa því enga aðstoð við að mæta greiðslubyrði af gengistryggðum lánum, eða eignarhaldsfélögin, sem Árni Páll kallaði útrásarfélög. Sem dæmi þá er um þriðjungur af öllum gengistryggðum lánum fyrirtækja hjá sjávarútveginum, eða 256 milljarðar af 841, og 92 hjá eignarhaldsfélögum.

Líklegt er að fyrirtæki muni þess í stað þurfa að leita með sín mál fyrir dómstóla. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins óttast stjórnmálamenn og stjórnsýslan hugsanlega niðurstöðu slíkra málaferla, enda gæti höggið á fjármálakerfið orðið þungt ef öll gengistryggð lán til fyrirtækja dæmast ólögmæt, eða 87 milljarðar, samanborið við 43 milljarða vegna húsnæðis- og bílalána einstaklinga. Heimildir blaðsins herma að innan stjórnsýslunnar sé verið að reyna að finna leiðir til að koma í veg fyrir að sú staða geti komið upp.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri fagnaði nýgengnum dómi Hæstaréttar á fundinum í gær og sagði að hann, auk fyrirhugaðra aðgerða stjórnvalda, væri líklegur til að bæta efnahagsástandið verulega.

stigur@frettabladid.is

### Kallar á frekari málaferli lántaka



„Ég er mjög hissa á niðurstöðu Hæstaréttar og þeim rökum sem sett eru fram. Hæstiréttur fer aðeins í lagaleg rök og hunsar í raun málflutning beggja aðila fyrir dómnum. Hann viðurkennir að vextirnir séu óaðskiljanlegir frá gengistryggingunni. En eftir það hugsar hann ekki neitt um málflutning aðila,“ segir Marinó G. Njálsson hjá Hagsmunasamtökum heimilanna. „Rétturinn ógildir einfaldlega vextina og vaxtalögin taka við. Það er ekkert pælt í því hvað þetta þýðir, sem mér finnst gróft, því þegar vaxtalögin taka við þyngist greiðslubyrði lánanna. Af tíu milljóna króna láni sýnist mér að lántaki skuldi 100 þúsund króna vaxtagreiðslu á mánuði aftur í tímann. Það er vegna þess að vextirnir fara kannski úr fimm prósentum í fimmtán. Þetta getur ekki staðist.“

Marinó segir að Hæstiréttur hunsi algjörlega forsendubrest og neytendaverndarmál, bæði í skilningi íslenskra laga og Evróputilskipun. „Dómurinn gengur því ekki upp nema með tilliti til þessa eina lagabókstafs.“

Marinó segir að dómurinn kalli ekki á neitt annað en að lántakar munu fara í frekari málaferli. „Það er ekki verið að leysa neitt heldur aðeins að færa víglínuna til. Lántakar munu annars vegar fara í mál innanlands þar sem þeir munu reyna að fá forsendubrestinn viðurkenndan. Hins vegar fer þetta fyrir EFTA-dómstólinn þar sem verður látið reyna á neytendaverndunartilskipun ESB.“ - shá

> Ég er mjög hissa á niðurstöðu Hæstaréttar.
>
> **MARINÓ G. NJÁLSSON,** HAGSMUNASAMTÖKUM HEIMILANNA:


LOKADAGAR
ÚTSÖLU
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG
Mongoose
Rockadile AL
Álstell, 21 gír, framdempari
VERÐ ÁÐUR: 64.900
40% afsláttur
kr.38.940.-
Mongoose
Capture BMX
VERÐ ÁÐUR: 49.900
35% afsláttur
kr.32.435-
WWW.GAP.IS
GAP
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-16
NÝTT
KORTATÍMABIL
mongoose
alvöru hjól

**GENGIÐ 16.09.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,95 | 116,51 |
| Sterlingspund | 180,81 | 181,69 |
| Evra | 151,76 | 152,60 |
| Dönsk króna | 20,378 | 20,498 |
| Norsk króna | 19,118 | 19,230 |
| Sænsk króna | 16,491 | 16,587 |
| Japanskt jen | 1,3526 | 1,3606 |
| SDR | 176,65 | 177,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,4984

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skráningu þátttakenda á Þjóðfund um stjórnarskrá lýkur á mánudagskvöld:

# Þriðjungur hefur boðað sig

**SAMFÉLAGSMÁL** Rúmlega þrjú hundruð hafa boðað komu sína á Þjóðfund um stjórnarskrá sem fram fer í Laugardalshöll 6. nóvember.

Þúsund sitja fundinn og voru þátttakendur valdir af handahófi úr þjóðskrá. Varamenn voru valdir með sama hætti og verða þeir kallaðir inn eftir því sem þörf er á. Aðeins þeir sem völdust til þátttöku geta setið fundinn. Þjóðfundinum er ætlað að kalla eftir meginsjónarmiðum almennings um breytingar á stjórnarskrá. Niðurstöðurnar verða svo lagðar fyrir stjórnlagaþing sem kemur saman í febrúar á nýju ári. Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri undirbúningsnefndar stjórnlagaþings, segir undirbúning ganga vel og er ánægður með svörun þeirra sem fengu boð um þátttöku. Hún sé þegar orðin talsvert betri en almennt gerist um svörun við fjöldaútsendingum. Fólk hefur frest til miðnættis á mánudagskvöld til að skrá sig. Eftir það verður símað í þá sem ekki hafa meldað sig. Upplýsingar um skráningu og tilhögun fundarins eru á vefsíðunni tjodfundur2010.is. - bþs



**ÞJÓÐFUNDUR 2009** Fundurinn 6. nóvember næstkomandi verður með svipuðu sniði og fundur Mauraþúfunnar sem haldinn var í nóvember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eigandi KFC ósáttur:

# Óeðlilegt að leyfið fáist ekki

**AKUREYRI Helgi Vilhjálmsson, einn eigenda KFC, er óánægður með ákvörðun Akureyrarbæjar að hætta við framkvæmdir á KFC-veitingastað í bænum.**

**„Það er óeðlilegt að á þeim tíu árum sem liðin eru síðan KFC sótti fyrst um byggingarleyfi fyrir veitingastað á Akureyri skuli leyfið enn ekki fást, sé undanskilin ein lóð sem fyrirtækinu var boðin í jaðri bæjarfélagsins þar sem enginn býr og fáir vinna," segir Helgi í bréfi til bæjarstjórnar Akureyrar í gær.** - sv




30 DAGA

HREINSUN Á MATARÆÐI

með **Davíð Kristinssyni** næringar- og lífsstílsþjálfara. Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli.

**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 21:30

**Fimmtudaginn 23. september**

*Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.*

*Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.*

Davíð tekur einnig að sér einstaklingsráðgjöf, mælingar og aðhald á fimmtudögum.

www.heilsuhusid.is

heilsuhúsið

KRAFTAVERK




**LANDSBANKINN** Persónuvernd segir að Landsbankinn hafi enga heimild haft til að heimta kennitölu af manni sem ætlaði að borga gíróseðla fyrir veika systur sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Krefur fólk um kennitölu þrátt fyrir lagabann

**Boðaðar eru 100 þúsund króna dagsektir á Landsbankann setji hann sér ekki reglur um kennitölur. Bankinn vill að Persónuvernd breyti afstöðu til laga um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.**

**FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI** Persónuvernd segir Landsbankann ekki hafa mátt heimta kennitölu af manni sem ætlaði að borga tvo gíróseðla fyrir systur sína.

Maður fór í sumar í Landsbankann til að borga gíróseðlana fyrir systur sína sem lá á sjúkrahúsi. Upphæðina, 12.601 krónu, vildi hann greiða með peningaseðlum. Hann var krafinn um kennitölu en neitaði að gefa hana upp og var þá synjað um afgreiðslu.

Þessu vísaði maðurinn til Persónuverndar. Hann minnti á sambærilegt mál frá því 2009 þegar Persónuvernd sagði Landsbankanum hafa verið óheimilt að krefjast kennitölu vegna viðskipta sem námu 90 þúsund krónum.

Landsbankinn sagði Persónuvernd að hann krefði alla viðskiptavini um kennitölu. Meðal annars til að geta rakið viðskipti svo hægt væri að leiðrétta mistök. Þrátt fyrir að fjárhæðin sem maðurinn ætlaði að borga væri minni en viðmiðunarupphæð laga um peningaþvætti þá bæri bankanum að hafa eftirlit með því hvort viðmiðunarfjárhæðin sé greidd í einum hluta eða mörgum. Viðmiðunarfjárhæðin er 15 þúsund evrur, sem svarar til um 2,3 milljóna króna.

„Til að bankinn geti átt raunhæfan möguleika á að fylgjast með því hvort verið sé að greiða viðmiðunarfjárhæðina í mörgum litlum greiðslum þá er nauðsynlegt að staðreyna hver viðskiptamaðurinn er í hvert skipti," útskýrði bankinn og lagði til að Persónuvernd endurskoðaði sína afstöðu. Það væri grunsamlegt ef menn neituðu að gefa upp kennitölur, sérstaklega ef þeir væru að borga fyrir aðra.

„Það hljómar eins og hver önnur hótfyndni, þegar því er haldið fram af hálfu bankans að greiðsla eins og þessi geti verið liður í víðtæku peningaþvætti," svaraði kærandinn meðal annars rökum Landsbankans. „Mér reiknast til, að ég hefði þurft að gera mér um það bil 181 ferð í bankann til að ná viðmiðunarfjárhæðinni með sams konar greiðslum."

Persónuvernd segir það ekki standast hjá Landsbankanum að ávallt þurfi að staðreyna hver viðskiptamaðurinn sé, óháð eðli viðskiptanna. Með því yrði ákvörðun löggjafarvaldsins um lágmarksfjárhæðir í þessum efnum „tilgangslaus".

Lagt hefur verið fyrir Landsbankann að gera sér verklagsreglur fyrir 1. október „um hvenær viðskipti skuli telja þess eðlis að sennilegt sé að þau tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka". Annars verða lagðar á hann allt að 100 þúsund króna dagsektir.

gar@frettabladid.is


Er guð biblíunnar hinn góðlegi himnafaðir sem kirkjan boðar?

BIBLÍAN Í NÝJU LJÓSI

**Úlfar Þormóðsson** kynnir bók sína **Þú sem ert á himnum – Rýnt í bresti biblíunnar með guði almáttugum** í Eymundsson, Skólavörðustíg, í dag kl. 17. Hvernig er grunnurinn sem kirkjan byggir á? Úlfar er eini núlifandi Íslendingurinn sem hlotið hefur dóm fyrir guðlast. Áleitin, skemmtileg og áhugaverð bók um biblíuna sem vekur athygli og umtal!

ALLIR VELKOMNIR – LÉTTAR VEITINGAR!




VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

# netto

*Ódýrt fyrir heimilið!*



HELEN HARPER BLEIUR
MIDI, MAXI EÐA JUNIOR

**698**
KR/PK. - ÁÐUR 898




NÁTTÚRA
VÖFFLUMIX
450 G

50% afsláttur

**199** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 399



PERUR

50% afsláttur

**149** KR/KG
VERÐ ÁÐUR 298




FANTA FRUIT TWIST
6PK - 33CL

**598** KR/PK




FERSKT
NAUTAHAKK

40% afsláttur

**899** KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1.498




FERSKT
GRÍSASNITSEL

40% afsláttur

**1.229** KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.049




CO-OPERATIVE
KORNFLEX
500 G

**199** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 289



CO-OPERATIVE
SÚKKULAÐIKEX
200 G

**109** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 129



CO-OPERATIVE
SÚKKULAÐIKEX
DOUBLE
200 G

**109** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 129




EASY ÞVOTTADUFT
780 GR

**279** KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 329




DOVE HANDSÁPA
4 STK

**469** KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 589




CO-OPERATIVE
MORGUNVERÐAR-
KÖKUR

**199** KR/PK.
VERÐ ÁÐUR 289



BAUTABÚRIÐ
HAMBORGARHRYGGUR

45% afsláttur

**989** KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1.798



ASTONISH
ÁKLÆÐAHREINSIR
750ML.

**319** KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
ANTI FOG
RÚÐUHREINSIR
750ML.

**319** KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
BACK TO BLACK
750ML.

**319** KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
FELGUHREINSIR
750ML.

**319** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 398



ASTONISH
FELGUHREINSIR
750ML.

**319** KR/STK.
VERÐ ÁÐUR 398

GILDIR 16. - 19. SEPTEMBER

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!



**REYKSPRENGJA** Bandaríkjamenn og Suður-Kóreumenn minntust þess í fyrradag að 60 ár eru liðin frá því að Douglas MacArthur herforingi kom ásamt herliði sínu til S-Kóreu fáeinum mánuðum eftir innrás frá N-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Verkefnisstjórn Grænnar orku skilar tillögum um næstu mánaðamót:

# Vilja nýta virðisaukaskattkerfið

**IÐNAÐUR** Verkefnisstjórn Grænu orkunnar skilar tillögum sínum um aðgerðir hins opinbera til að auka hlut innlendra orkugjafa í samgöngum í kringum mánaðamótin næstu, segir Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður verkefnisstjórnarinnar. Hún segir helst horft til þess hvernig hægt sé að nota virðisaukaskattkerfið sem hvata til að ýta undir að fólk og fyrirtæki breyti bifreiðum sínum þannig að þær noti innlent eldsneyti. „Og þá til endurgreiðslu vegna íhluta og annars sem þarf til að breyta bílum.“

Hólmfríður segir meðal annars horft til fordæmisins í verkefninu Allir vinna þar sem sækja má um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðhalds á heimilum eða í sumarhúsum.

„Ég á von á því að við skilum af okkur tillögum í kringum mánaðamótin næstu og síðan ráða stjórnmálamenn för,“ segir Hólmfríður, en bendir um leið á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé afdráttarlaust kveðið á um að stefnt skuli að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa í samgöngum á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis. „Ég er því tiltölulega bjartsýn á að þetta geti gerst,“ segir hún og kveður unnið að gerð lagafrumvarps um málið í fjármálaráðuneytinu sem leggja eigi fyrir haustþingið. **- óká**




**FYLLT Á METANBÍL** Þó nokkur fyrirtæki hafa aukið hlut metanbíla í flota sínum, þar á meðal eru Pósturinn og OR.

### Ræddu nýtt kvennaframboð:

# Þörf fyrir nýjan hugsunarhátt

**JAFNRÉTTISMÁL „Konur eru mikið að ræða málin,“ segir Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs og fyrrum þingkona Kvennalistans, aðspurð hvort nýtt kvennaframboð sé í uppsiglingu.**

**Þórhildur flutti ræðu á fundi Femínistafélagsins í vikunni þar sem rætt var um nýtt kvenlægt stjórnmálaafl. Þórhildur segir fundinn hafa verið gagnlegan og fólk sé mikið að velta hlutum fyrir sér, bæði karlar og konur. „Það er komin þörf fyrir nýjan hugsunarhátt,“ segir hún. - sv**




### Blaðamaður hjálpaði að bera kennsl á sprengjumann:

# Var reiður vegna skopmyndanna

**DANMÖRK** Téténski sprengjumaðurinn Lors Doukaiev, sem handtekinn var í Kaupmannahöfn á föstudag, hefur árum saman verið fullur reiði vegna skopmyndanna af Múhameð spámanni, sem danska dagblaðið Jyllands-posten birti haustið 2005.



LORS DOUKAIEV

Þetta er haft eftir belgískri eiginkonu boxþjálfara sprengjumannsins, sem rætt hefur við blaðamann dönsku dagblaðanna Berlingske Tidende og BT í Belgíu.

Það var boxþjálfarinn Albert Syben sem bar kennsl á manninn í viðtölum við blaðamann á BT, en danska lögreglan gat ekki sjálf rannsakað málið í Belgíu heldur þurfti að treysta á rannsókn belgísku lögreglunnar.

Doukaiev er fæddur í Téténíu en hefur búið í Belgíu í fimm ár. Hann hefur stundað þar box og staðið sig vel þrátt fyrir að vera einfættur, að sögn eiginkonu þjálfarans.

Maðurinn var handtekinn eftir að sprengiefni, sem hann var með, sprakk á salerni lítils hótels í Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði dvalist um skeið. Ekki er vitað hvað hann hugðist fyrir, en danskir fjölmiðlar hafa verið með getgátur um að hann hafi ætlað að ráða ritstjóra dagblaðsins Jyllandsposten bana. **- gb**



# Ábyrgðinni velt af ríkinu á lífeyrissjóði

**Kaup á hlutafé fyrirtækja er áhættufjárfesting sem lífeyrissjóðirnir eiga ekki að stunda. Hætt er við að tap fyrirtækjanna lendi á herðum sjóðsfélaga, segir fjárfestir. Framtakssjóðurinn er ekki lífeyrissjóðirnir, segir Finnbogi Jónsson.**



**ÞÉTTSETIÐ VAR Á FUNDI UM FJÁRFESTINGARSTEFNU FRAMTAKSSJÓÐSINS** Framtakssjóðurinn var gagnrýndur harðlega í gær. Sparnað landsmanna á ekki að nýta til kaupa á hlutafé fyrirtækja í vanda og við endurreisn atvinnulífsins, segir Hallbjörn Karlsson, fjárfestir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VIÐSKIPTI** Kaup Framtakssjóðs Íslands og aðkoma lífeyrissjóðanna að endurreisn efnahagslífsins í kjölfar kreppunnar var harðlega gagnrýnd á morgunverðarfundi Samtaka verslunar og þjónustu í gær þar sem farið var yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestirinn Hallbjörn Karlsson sagði aðkomu lífeyrissjóðanna að atvinnuuppbyggingu og fjármögnun ýmissa framkvæmda, svo sem vegalagningu, sem til þessa hafi að mestu verið á könnu hins opinbera, bera þess merki að ríkissjóður hafi ekki lengur bolmagn til að standa að þeim. Hafi byrðinni verið velt yfir á lífeyrissjóðina. Það kunni ekki góðri lukku að stýra.



FINNBOGI JÓNSSON

Þá taldi hann ólíklegt að Framtakssjóðurinn og lífeyrissjóðirnir væru réttu fjárhagslegu bakhjarlarnir til fyrirtækjakaupa, svo sem á Icelandair Group og Vestia. Innan Vestia er Húsasmiðjan auk fleiri fyrirtækja. Enn á eftir að koma efnahagsreikningi fyrirtækisins Húsasmiðjunnar á réttan kjöl. Hallbjörn sagði varasamt að setja fjármagn í slíkan rekstur, ekki síst í fyrirtæki sem eigi eftir að reisa við. Fjárfestingar Framtakssjóðsins séu áhættufjárfestingar. Lífeyrissparnað almennings eigi ekki að nýta með þessu hætti.

Þá gagnrýndi Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, kaup Framtakssjóðsins á hlut í Icelandair. Matthías efaðist um gæði flugfélagsins, sagði vísbendingar um að óefnislegar eignir Icelandair, svo sem viðskiptavild, hefðu verið stórlega ofmetnar í bókum félagsins. Þrátt fyrir fjárhagslega endurskipulagningu séu þær hærra metnar en hjá flugfélögum á borð við norræna flugfélagið SAS og British Airways. Matthías bætti við að eftir að Framtakssjóðurinn varð hluthafi í félaginu hafi það kynnt nýja áfangastaði, og nokkrir þeirra hefðu verið þeir sömu og Iceland Express fljúgi til.

Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins, gerði ítarlega grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins og fyrirtækjakaupum hans. Hann svaraði því til að lífeyrissjóðirnir væru ekki að kaupa fyrirtækin. Þeir hefðu sett á laggirnar félag sem sæi um það. Hvað hann áhræri hafi hann um árabil unnið að fjárfestingum í fyrirtækjum. Vísaði hann þar til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þá hafi Framtakssjóðurinn ekki í hyggju að eiga allt hlutafé fyrirtækja til lengri tíma. Öðrum hlutföfum verði boðið að kaupa hlut í Framtakssjóðnum og sé ætlunin að selja þau eftir fjögur til sjö ár.

jonab@frettabladid.is


30% afsláttur
af öllum vörum
aðeins fram á sunnudag



Zink
Smáralind sími 517-9857
Kringlan sími 517-5531
www.facebook.com/ZinkIceland

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

heimatengingar fyrir starfsmenn

Við aukum hraðann í Fjarvinnu í 12 Mb/s

Fyrirtækjum bjóðast 3 grunnpakkar fyrir heimatengingar starfsmanna og viðbætur sem auka gagnaöryggi og tengimöguleika. Hægt er að stækka pakkana upp í allt að 120 GB og skipta kostnaði á milli fyrirtækis og starfsmanna.

Hafðu samband í síma 800 4000 og fáðu Fjarvinnu fyrir fyrirtækið þitt.

Það er Síminn



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dómur Hæstaréttar um gengislánin er eins og við mátti búast. Hann dregur úr óvissu.

## Skýrari línur

Dómur Hæstaréttar um vexti á myntkörfuláni og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við honum stuðla að því að draga úr óvissu um stöðu skuldara. Fyrri dómur Hæstaréttar, sem dæmdi gengisviðmiðun lána sem veitt eru í íslenzkum krónum ólöglega, svaraði ekki spurningunni um hvernig reikna ætti vexti af lánunum. Nú liggur það fyrir; Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að ákvæði í lánasamningunum um lága, erlenda vexti hafi verið órjúfanlega tengd við gengistrygginguna lánanna. Þegar henni sé ekki lengur til að dreifa beri að miða við lægstu óverðtryggða vexti Seðlabankans.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta er það sem búast mátti við. Væntingar margra, þar með talinna opinberra embættismanna á borð við talsmann neytenda, um annað voru alla tíð óraunhæfar. Raunar má spyrja hversu ábyrgt það hafi verið af viðkomandi að vekja hjá fólki vonir um að það fengi vaxtakjör sem aldrei hafa verið í boði á Íslandi – eins og það hefði unnið í happdrætti. Í landi með ónýtan gjaldmiðil lánar enginn peninga til lengri tíma nema með einhvers konar tryggingu fyrir því að fá endurgreiddar jafnverðmætar krónur og hann lánaði. Sú staðreynd endurspeglast í Hæstaréttardómnum.

Með dómi Hæstaréttar verða þeir sem tóku myntkörfulán álíka settir og þeir sem tóku hefðbundin, verðtryggð lán í íslenzkum krónum. Það er mikilvægt að hafa í huga að þótt ýmsir lýsi dóminum sem miklum vonbrigðum, er talið að höfuðstóll gengistryggðra lána lækki um fjórðung til helming. Það gerir hlutskipti margra fjölskyldna mun bærilegra.

Að þessu sinni var ríkisstjórnin viðbúin dómnum og brást strax við. Löggjöfin, sem Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra leggur til að verði sett, á að taka af allan vafa um að eins verði farið með öll bíla- og húsnæðislán, sem einstaklingar tóku. Það mun kosta bankakerfið yfir 43 milljarða króna. Hins vegar vill ráðherrann sömuleiðis setja lög, sem hindra að það sama gangi yfir fyrirtæki með lán, sem tengd eru við erlenda gjaldmiðla. Það er gert með þeim rökum að slíkt yrði of mikið högg fyrir bankakerfið og þar með skattgreiðendur, sem gætu enn þurft að leggja bönkunum til eigið fé. Á móti vill ráðherra knýja bankana til að gera gangskör að endurskipulagningu skulda fyrirtækjanna.

Markmið efnahags- og viðskiptaráðherra með því að fara þessa leið eru skiljanleg. Hann vill létta undir með heimilunum í skuldavanda þeirra og stuðla að því að þau fyrirtæki, sem mest þurfa á endurskipulagningu lána að halda, fái aðstoð í stað þess að skattgreiðendur neyðist til að hjálpa bönkunum á ný. Þannig færi fram gífurleg eignatilfærsla frá almenningi til fyrirtækja með gengistryggð lán, burtséð frá stöðu þeirra. Sú lagasetning getur þó enn og aftur þurft að koma til kasta dómstóla ef fyrirtæki láta reyna á rétt sinn, sem líklegt verður að teljast.

Gagnvart heimilunum í landinu þýðir dómur Hæstaréttar og boðuð lagasetning hins vegar að óvissu hefur verið eytt og línurnar skýrzt. Það er mikils virði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fimm á palli

Tvö af helstu umræðuefnum landsmanna síðustu daga gætu runnið saman í eitt á málþingi sem haldið verður á Háskólatorgi klukkan 15 til að fjalla um grein Andra Snæs Magnasonar, sem birtist í Fréttablaðinu og hét „Í landi hinna klikkuðu karlmanna“. Greinin hefur kveikt nýja glóð í umræðum um orkumál og atvinnustefnu. Þarna á pallborðinu skiptast á skoðunum við Andra Snæ fjórir þjóðþekktir og áhrifamiklir karlmenn. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, Guðmundur Hálfdánarson sagnfræðingur, Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður og Sigmundur Einarsson jarðfræðingur. Verður nokkurt vit í þessu?



### Andleg samkynhneigð

Grein Andra Snæs hefur deilt sviðsljósinu síðustu daga með skýrslu þingmannanefndar Atla Gíslasonar um hvernig eigi að bregðast við rannsóknarnefndarskýrslunni um orsakir hrunsins. Þar kemur fram kynjafræðileg greining og beinir sjónum að andlegri samkynhneigð karla. Konur fái sjaldan aðgang að þýðingarmiklum umræðum og ákvörðunum í þjóðfélaginu. Karlar ræði þetta sín á milli en sniðgangi konurnar, jafnvel þótt þær fari með formleg völd. Kannski gefa karlarnir fimm þessu sjónarhorni gaum í samræðu sinni á Háskólatorgi.

- PG



HALLDÓR




## Umhyggja í stað ofbeldis

Fordómar



Karl Sigurbjörnsson
biskup Íslands

Fréttin af aðförinni að kúbversku feðgunum vekur óhug. Það að þeir, og að því er fullyrt er, fleiri innflytjendur, hafi neyðst til að flýja land vegna ofsókna og áreitis er skelfileg og óþolandi smán fyrir samfélag okkar.

Þjóðflutningar einkenna heiminn okkar og auðga menningu og samfélag, líka okkar eigið. Við eigum að meta það og virða það fólk sem hér sest að. Biblían leggur áherslu á gestrisni í garð framandi fólks og hvetur okkur til að koma fram við útlendinginn af virðingu og á jafnræðisgrunni.

Íslendingar eru innflytjendur í landi sínu. Þegar við erum spurð: Hvaðan ertu? þá munu flest okkar þurfa að viðurkenna að það er ekki einföld spurning og ættartréð leiðir í ljós flóknari uppruna en við blasir í fyrstu. Mörg okkar eiga ættingja í öðrum löndum og höfum notið gestrisni framandi þjóða. Samt virðist ríkja hér tortryggni gagnvart þeim útlendingum sem setjast að. Að ungt fólk á Íslandi skuli daðra við fordóma og hatur og ganga til liðs við ofbeldismenn til að klekkja á öðru fólki, eins og hér virðist hafa gerst, er grafalvarlegt. Við sem fullorðin erum berum þar mikla ábyrgð. Svo margt í okkar menningu og samskiptum hefur borið vitni um agaleysi, ábyrgðarleysi og virðingarleysi í orðum og athöfn. Virðingarleysið getur af sér kaldhæðni og kaldhæðnin nærir reiði, fyrirlitningu og hatur. Það er samfélagsmein.

Okkur ber skylda til að vinna gegn því hugarfari og afstöðu. Við eigum að láta það heyrast hátt og skýrt að kynþáttahatur, tortryggni gagnvart útlendingum, já og fordómar gegn trúarbrögðum verði ekki liðið á Íslandi. Öll eigum við hlutdeild í sömu mennsku. Okkur ber skylda til að stuðla að bættri vellíðan, lífsgæðum og mannréttindum allra sem í landinu okkar búa og dvelja, að styðja við hælisleitendur og verja réttindi þeirra. Þeirri skyldu megum við ekki bregðast.

> Við eigum að láta það heyrast hátt og skýrt að kynþáttahatur, tortryggni gagnvart útlendingum, já og fordómar gegn trúarbrögðum verði ekki liðið á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Ósættið“ við Iðnskólann í Hafnarfirði

Skólamál

Björn Ingi Sveinsson
formaður skólanefndar IH



Í Fréttablaðinu hinn 10. september sl. birtist fréttaskýring þar sem tveir kennarar við Iðnskólann í Hafnarfirði (IH), Margrét Ingólfsdóttir og Sigríður Júlía Bjarnadóttir, ryðja úr sér svo dæmalausum rangfærslum og óhróðri um sannkallaðan heiðursmann, Jóhannes Einarsson, skólameistara skólans, að mann setur hljóðan. Sér undirritaður sig því knúinn til að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Undirritaður hefur verið formaður skólanefndar IH sl. 10 ár og hefur skólinn þann tíma og gott betur búið að því að hafa við stjórnvölinn mjög hæfan og vandaðan skólameistara, Jóhannes Einarsson, sem hefur verið vakinn og sofinn yfir velferð skólans svo eftir hefur verið tekið. Hefur skólameistari ávallt gengið skrefinu lengra en þörf hefur krafist hverju sinni og leitast við að búa kennurum skólans sem besta aðstöðu þrátt fyrir að skólanum hafi verið, og er enn, þröngur stakkur skorinn af húsnæði sínu.

Þær „langvarandi deilur“ sem fréttaskýringin vísar til eiga rætur sínar að rekja til ágreinings um launamál tilkomnu vegna breytinga á fyrirkomulagi kennslu skólaárið 2001-2002 og svo aftur skólaárið 2003-2004. Það mál varð því miður undir lokin að hitamáli innan skólans en var til lykta leitt með úrskurði Félagsdóms kennurum í vil þann 12. maí 2009.

Fjármálaráðuneytið fór með forræði málsins fyrir hönd skólans og fyrirbauð að nokkuð það yrði aðhafast sem breytt gæti málavöxtum áður en dómur gengi og við það varð að una. Það lögfræðiálit sem Margrét Ingólfsdóttir, þáverandi formaður kennarafélags IH, sendi undirrituðum, og vísað er til í fréttaskýringunni, sendi hún reyndar allri skólanefndinni þann 19. maí 2008, ári fyrir úrskurð Félagsdóms, og voru nefndarfulltrúar fyllilega meðvitaðir um efni þess. Skólayfirvöld voru þó bundin stjórnvalds fyrirmælum og var Margrét Ingólfsdóttir upplýst um það af undirrituðum þann 22. maí 2008. Jafnframt var hún vinsamlegast beðin um að beita sér fyrir því að friður ríkti innan skólans þar til málið væri útkljáð. Sú beiðni var virt að vettugi.

Þegar athygli kennara hafði verið vakin á því að þeir gætu átt inni vangoldin laun stöðu þeir nokkuð einhuga með formanni sínum í því að láta reyna á kröfuna. Er ekkert nema gott eitt um það að segja því allir hafa rétt á að gæta eigin hagsmuna. Stóð Margrét Ingólfsdóttir þó þennan tíma fyrir stöðugum uppákomum og skeytasendingum til kennara skólans, KÍ og menntamálaráðuneytis sem miðuðu að því einu að ófrægja skólameistara hvar sem einhver nennti á að hlusta.

Að dómnum gengnum voru kennurum greidd vangoldin laun sín með áunnum dráttarvöxtum. Mátti þá ætla að málinu lyki og að aðilar þess slíðruðu sverðin skólanum til heilla og benti margt til þess að svo yrði. Núverandi og fyrrverandi kennarar skólans fengu umtalsverða greiðslu í sína hönd og gátu unað vel við sitt. Margrét Ingólfsdóttir kaus þó með stuðningi stöllu sinnar, Sigríðar Júlíu Bjarnadóttur, að halda áfram ófrægingarherferð sinni á hendur skólameistara.

Nú er ljóst að Margrét Ingólfsdóttir, í krafti formennsku sinnar í kennarafélagi skólans, afhenti menntamálaráðherra bréf eftir niðurstöðu Félagsdóms þar sem hún „krafðist“ að gerð yrði stjórnsýsluúttekt á skólanum, væntanlega svo klekkja mætti frekar á skólameistara. Jafnframt virðist Margrét hafa sagt í bréfi sínu að skólameistari láti þá „finna fyrir því“ sem ekki eru honum „sammála … í einu og öllu“ og að þeir hinir sömu fái m.a. „leiðinlegar“ stundatöflur. Um þetta er það eitt að segja að skólameistari hefur ekki komið nálægt stundatöflugerð í IH síðan árið 2000 svo hér var staðreyndum hliðrað vondum málstað til framdráttar.

Kröfu Margrétar Ingólfsdóttur um stjórnsýsluúttekt var auðvitað hafnað af ráðuneytinu og telja má að það „sinnuleysi“ sem stjórnvöld eru ásökuð um í fyrirsögn fréttaskýringarinnar stafi af því einu að málstaðurinn og efni bréfsins hafi talist sjálfsþjónkandi. Gekk loks svo langt að kennarar skólans fengu sig fullsadda af og féllu allir sem einn frá stuðningi sínum við Margréti til frekari formennsku í kennarafélagi skólans.

Haustið 2009 var kosin ný stjórn fyrir kennarafélagið og hefur sú stjórn stutt við bakið á skólameistara sínum og haft við hann eðlileg skoðanaskipti eins og vera ber. Auk þessa skrifuðu kennarar skólans undir eindregna stuðningsyfirlýsingu við skólameistara, þar sem hinu rétta í ofangreindum málefnum skólans var lýst. Var yfirlýsingin send menntamálaráðherra til upplýsingar. Hefur frá þessum tíma ríkt góður friður og eindrægni á milli stjórnenda og kennara skólans, þó með framangreindum undantekningum.

Jóhannes Einarsson, skólameistari IH, hefur nú að eigin undirlagi ákveðið að láta af störfum frá og með 1. janúar 2011, liðlega ári fyrr en aldur hans krefst. Skólanefnd er mikil eftirsjá af Jóhannesi vegna starfa hans því samstarfið við hann hefur ávallt verið með miklum ágætum. Vonar nefndin að vel takist til með að finna eftirmann Jóhannesar, en þar er í stór spor að fara og ekki allra að gera svo vel sé. Undirritaður er þó ósammála því að leggja beri áherslu á að ráða ekki einhvern hinna fjölmörgu hæfu kennara skólans til að taka við starfi skólameistara sýndu einhverjir þeirra því áhuga. Undirritaður telur að fari svo að nýr skólameistari komi úr röðum núverandi kennara eða stjórnenda skólans, fólks sem gjörþekkir allt hans innra starf, geti það varla komið skólanum til annars en góðs. Skólanefnd mun þó í þessu sambandi rækja sína lögformlegu skyldu að veita ráðherra umsögn um þá umsækjendur sem uppfylla þau hæfisskilyrði sem auglýst var eftir.

Það er sláandi að á þessum tímapunkti starfsloka Jóhannesar sé á afar óbilgjarnan hátt og af hvötum sem erfitt er að skilja reynt að koma á hann höggi og sverta með því starfsheiður hans og óflekkaðan starfsferil. Er nú berlega komið í ljós að þar fara fyrir skjöldu framangreindir tveir kennarar skólans, sem og einhverjir ónefndir fyrrverandi kennarar sem vel er þó vitað hverjir eru. Þessu fólki væri nær að líta í eigin barm. Veldur hver á heldur.

Í ljósi þess sem hér hefur verið greint frá má ætla að farsælast væri fyrir skólann og starfsfólk hans að ofangreindir tveir kennarar leituðu fyrir sér um annað starf við annan skóla eða aðra stofnun svo einangraðar sem þær eru innan skólans í afstöðu sinni og neikvæðni.

> … farsælast væri fyrir skólann og starfsfólk hans að ofangreindir tveir kennarar leituðu fyrir sér um annað starf.

SAMA VERÐ Á ÖLLUM FISKI Í FISKBORÐ
1290 kr. kg.


Svakalegar steikur fyrir helgina.
HUMAR - LAXAFLÖK - LÚÐUSTEIKUR -SALTFISKUR OG FLEIRA OG FLEIRA
Tilboðið gildir í dag og á morgun
Föstudagur opið 8.00 - 18.00
Laugardagur opið 10.00 - 14.00


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Kíktu á Námuna á Facebook
Aukakrónur fyrir Námufélaga
Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.
Það er leikur að læra með Námunni.
Bryndís Ósk Þ. Ingólfsdóttir, Námufélagi og nemi í kvikmyndafræði

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000
Landsbankinn



# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR

*ekta nautasteikur á amerískum dögum*

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*






TILBOÐ **2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-

Ribeye
*úr framhrygg*



TILBOÐ **2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-

T-bone
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ **2.771** kr/kg.
Merkt verð 3.695.-

Entrecote
*úr spjaldhrygg*



TILBOÐ **2.621** kr/kg.
Merkt verð 3.495.-

Roaststeik úr entrecote
*úr spjaldhrygg*



Pepsi **Wild Cherry**, Mtn Dew **Code Red**, Mtn Dew **White Out**, Mtn Dew **Typhoon**, Mtn Dew **Distortion**, **Kirsuberja** Coke, **Cream Soda**, Diet Rótarbjór, Rótarbjór...





Nýtt í Hagkaup

**Hershey´s kisses**
– með karamellu og möndlum



Nýtt í Hagkaup

**Lífrænt súpusoð**
– kjúklingasoð, grænmetissoð



Nýtt í Hagkaup

**Mac & cheese**
– það verður ekki ameriskara!

*kúvip...*



**Ekki ís, ekki rjómi en æðisleg**
– frábær með kökum og ávöxtum



Nýtt í Hagkaup

**99** kr/stk.

**Nýjar smákökur**
– Tvöfalt súkkulaði og bláberjafylling



TILBOÐ **109** kr/stk.

**Juicy donuts**
– margar tegundir



**Karmellu og hnetu poppkorn**
– algjört sælgæti...



**Súkkulaðibúðingur**
– gott snakk

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. september eða á meðan birgðir endast.

## CHEERIOS STÖKKIÐ, laugardaginn 18. september fyrir utan Hagkaup Skeifunni

Í tilefni amerískra daga í verslunum Hagkaups mun Victor Guðbergsson Íslandsmeistari í Motorkrossi árið 2009 stökkva yfir Cheeriostrukk fyrir framan **Hagkaup í Skeifunni laugardaginn 18. september kl. 14:00 og kl.16:00**

*Verið velkomin að fylgjast með háloftaleikfimi eins fremsta motorkrossmanns landsins.*

*Hversu langt stekkur hann?*







**KAUPTU FJÓRPAKKA**
**AF COKE®, COKE LIGHT® EÐA COKE ZERO® OG ÞÚ GETUR UNNIÐ:**

**2x Flug fyrir tvo til New York**

**10x 10.000.- króna gjafabréf í Hagkaup**

**20x Coke, Coke Light eða Coke Zero kippur**






### Lifesavers
– 2 tegundir




### Popp og poppolía
– algjört æði




### Amerísk karmelluterta
– bara gott...




### Pop-tarts
– í brauðristina




### M&M´s hnetusmjör & kókos
– hrikalega gott




### Kanilbrauð
– ekta amerískt




### Meira súkkulaði..
– Hershey´s Cookies´n´Creme




### Gott gott gott...
– M&M´s og Maltesers

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **BRYAN SINGER** kvikmyndaleikstjóri er 45 ára.

*„Kvikmyndagerð er tilgangslaus nema maður ætli að sýna fram á eitthvað sérstakt. Annars er alveg eins gott að fara í leikhús.“*

## Merkisatburðir

**1630** Borgin Boston í Bandaríkjunum stofnuð af breskum landnemum.

**1823** Fyrsta grindadráp í Reykjavík. 450 marsvín rekin á land vestur í hafnarkrikanum þar sem Slippurinn er núna.

**1939** Sovétríkin ráðast inn í Pólland úr austri í samræmi við samkomulag þeirra við Þýskaland.

**1948** Folke Bernadotte greifi myrtur af meðlimum ísraelsku hryðjuverkasamtakanna Stern (einnig kölluð Lehi).

**1966** Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla formlega opnaður.

**1987** Fréttaþátturinn 19:19 hefur göngu sína á Stöð 2.

**1988** Sumarólympíuleikar settir í Seoul í Suður-Kóreu.

**1992** Landsbankinn tekur eignir Sambands íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir og innlimar þar með Samvinnubankann.

**1994** Óperan Vald örlaganna frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og syngja Kristján Jóhannsson og Elín Ósk Óskarsdóttir aðalhlutverkin.

**2001** Mesta stigafall í sögu Dow Jones-vísitölunnar verður á fyrsta viðskiptadegi bandarísku kauphallarinnar eftir 11. september.

**ÞETTA GERÐIST:** 17. SEPTEMBER 1917

## Verslunarráð Íslands var stofnað

Verslunarráð Íslands (síðar Viðskiptaráð Íslands) var stofnað fyrir tilstuðlan umsvifamikilla manna í íslensku viðskiptalífi á þessum degi árið 1917, í þeim tilgangi að „vernda og efla verslun iðnað og siglingar“ eins og stóð í lögum Verslunarráðsins.

Mörg íslenskra fyrirtækja eru aðilar að Viðskiptaráði Íslands, eins og það kallast nú, sem hefur aðsetur í Húsi verslunarinnar. Allir sem stunda einhvers konar rekstur geta gerst aðilar að ráðinu.

Þess má líka geta að Verslunarráð Íslands tók við rekstri Verslunarskóla Íslands árið 1922 og rekur nú að auki Háskólann í Reykjavík.

Garðar Gíslason var fyrsti formaður Verslunarráðs Íslands og gegndi því starfi til 1933. Finnur Oddsson er nú framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.



ÁRMANN REYNISSON: TEKST Á VIÐ ÚTRÁSINA Í SINNI TÍUNDU VINJETTUBÓK

# Ég var Björgólfur míns tíma

„Í raun má líta á sögurnar sem hálfgert uppgjör við góðærið og kreppuna, þetta sérkennilega tímabil sem einkenndist meðal annars af útrás, græðgisvæðingu og loks hruni og afleiðingum þess,“ segir vinjettuhöfundurinn góðkunni og fagurkerinn Ármann Reynisson sem hefur gefið út sína tíundu bók í flokki vinjetta á einum áratug, Vinjettur X, þar sem höfundurinn kryfur síðasta áratug ásamt því að segja baráttusögur íslenskra alþýðuhetja, fjölskyldusögur, frá miðri nítjándu öld og fram til síðustu aldamóta.

„Ég hef lagt áherslu á fjölbreytileika með hverri bók sem ég hef skrifað og þessi er engin undantekning frá þeirri reglu þar sem fjölbreytileiki tilverunnar endurspeglast í þeim 43 sögum sem bókin hefur að geyma. Þetta eru sögur ólíkra einstaklinga, fólksins sem byggði upp íslenskt velferðarsamfélag og svo bankastrákanna, útrásarvíkinganna og stjórnmálamanna og í bókinni leik ég mér að því að tefla þeim fram sem andstæðum til að opna lesandanum sýn inn í stóra veröld,“ segir Ármann og bætir við að vonandi verði bókin komandi kynslóðum umhugsunarefni. „Ég vil sýna fólki hversu ógnvekjandi munur var á þjóðinni, hvernig hún umturnaðist algjörlega á skömmum tíma.“

Sögurnar segir Ármann nánast hafa skrifað sig sjálfar, meðal annars vegna reynslu sinnar af viðskiptalífinu. „Það vill nú svo til að ég hef óvenju mikla innsýn inn í íslenskan og erlendan viðskiptaheim af fyrri störfum mínum, sem ég notfæri mér, og meðan á útrásartímabilinu stóð skrifaði ég síðan heilt ritsafn, þannig að ég stóð utan við viðskiptalífið en sá töluvert í gegnum það,“ segir höfundurinn og bætir við að eigin reynsla af fjármálahruni hafi nýst honum vel til að skrifa um efnhagshrunið.

„Ég upplifði það náttúrlega á sínum tíma að fyrirtækið mitt, Ávöxtun, sem var fjármálafyrirtæki með alla þjónustu fyrir sparifjáreigendur, var sprengt upp nánast á einni nóttu og í kjölfarið var ég dreginn á asnaeyrunum í fimm ár og síðan sendur til fangelsisvistar á Kvíabryggju í ár. Þar með tók líf mitt óvænta stefnu því kerfið, sem stóð að öllum þessum málum, gerði mig að rithöfundi. Eftir að ég byrjaði að skrifa árið 2000 skar ég á öll tengsl við viðskiptalífið. Okkur Björgólfi Guðmundssyni hefur oft verið líkt saman í gegnum tíðina. Báðir lentum við í stórum gjaldþrotum en hann sneri aftur inn í viðskiptalífið og fólk sér hvernig komið er fyrir honum á meðan því finnst ég hafa orðið farsæll með mitt líf, sem vinjettuhöfundur,“ segir Ármann.



**VINJETTUHÁTÍÐ** Ármann Reynisson ætlar að fagna útgáfu tíundu vinjettubókar sinnar með óvenjulegum veisluhöldum. „Ég verð með vinjettuhátíð í Gróttu hinn 10. október milli klukkan 14 og 16 þar sem valinkunnir menn og konur munu lesa upp úr verkum mínum og að svo búnu verður vegleg tónlistardagskrá,“ segir hann fullur tilhlökkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður hvort hann óttist ekki að það kunni að koma spánskt fyrir sjónir að maður sem hafi verið dæmdur fyrir fjárdrátt skuli gagnrýna útrásina, stjórnmálamenn og menn í viðskiptalífinu á prenti, segist Ármann hvergi vera banginn. „Alls ekki því ég er þarna að nýta mína dýrmætu reynslu í þessum útrásarsögum, í sumum set ég mig í spor útrásarvíkinga og bankastráka enda má segja að ég hafi verið langt á undan minni samtíð í þessum viðskiptum, og í öðrum er ég áhorfandi á fáránleika tilverunnar, rétt eins og ég var áhorfandi en ekki þátttakandi í bankahruninu.“

Ármann segist vera sannfærður um að bókin eigi eftir að vekja umtal en kveðst ekki óttast gagnrýni. „Veistu, ég hef verið umdeildur maður alla tíð, allt frá því að ég kom heim frá London árið 1982 og stofnaði Ávöxtun, en þá voru Íslendingar áratugum á eftir í fjármálahugsun, og lenti svo í persónulegu hruni og sat inni, þannig að ég er ekki hræddur við gagnrýni. Ég geri eiginlega fastlega ráð fyrir að bókin verði umdeild eins og annað sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Út af fyrir sig er ég ánægður með að vera umdeildur fyrr og síðar, því sá sem er ekki umdeildur hefur náttúrlega ekkert að segja.“

roald@frettabladid.is



†

*Okkar elskulega sambýliskona, móðir, dóttir og systir,*

**Gunnhildur Júlíusdóttir**
Gullengi 21, Reykjavík,

lést að heimili sínu 14. september síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 23. september næstkomandi kl. 13.00.

**Karl Lilliendahl Ragnarsson** **Christian Lilliendahl Karlsson**
**Jenný Hauksdóttir**
**Júlíus Viðarsson** **Hulda Þórsdóttir**
**Hafþór Júlíusson**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Helenu Svavarsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks taugalækningadeildar B2 við Landspítalann í Fossvogi fyrir einstaka umhyggju og aðhlynningu.

**Reynir A. Eiríksson**
**Linda Sólveig Birgisdóttir** **Svan Hector Trampe**
**Brynja Björk Birgisdóttir**
**Birgir Fannar Birgisson** **Dagmar Valgerður Kristinsdóttir**
**barnabörn, systkini hinnar látnu og fjölskyldur.**



†

**Kristófer Baldur Pálmason,**
f.v. dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins
Vesturbrún 31, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í dag föstudag 17. september kl. 15.00.

**Aðstandendur**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir og tengdadóttir*

**Þóranna Sigríður Jósafatsdóttir**
Dalseli 9, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 14. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Jónsteinn Jónsson**
**Elvar Freyr Jónsteinsson** **Rebekka Lea Te Maiharoa**
**Grétar Jósafat Jónsteinsson**
**Jón Ingiberg Jónsteinsson** **Viktoría Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn, systkini og tengdamóðir.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún L. Kristjánsdóttir,**
Skála Seltjarnarnesi,

sem lést að Hrafnistu Reykjavík, föstudaginn 3. september, verður jarðsungin frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 17. september kl. 13.00.

**Unnur V. Duck**
**Elísabet Stefánsdóttir** **Kristján Jóhannsson**
**Kristjana Stefánsdóttir** **Guðmundur Þorkelsson**
**Anna Stefánsdóttir** **Reynir Hólm Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



**Keppt í ökuleikni** Íslandsmeistarakeppni í ökuleikni verður haldin á svæði Ökukennarafélags Íslands við Kirkjusand klukkan 13 á morgun. Öllum með ökuréttindi er heimil þátttaka. Ekið verður á VW Polo í gegnum þrautaplön auk þess sem keppendur svara spurningum.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



**Allt sem þú þarft...**


**Finnsk bláberjabaka er oftar en ekki á boðstólum hjá Írisi Söru Karlsdóttur á þessum tíma árs.**



# Gerir finnskar krásir

Orri Olavi hefur erft mataráhuga móður sinnar og tekur öllum tilraunum hennar í eldhúsinu fagnandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íris Saara Karlsdóttir, nemi og starfsmaður í hannyrðaversluninni Storkinum, hefur alltaf haft gaman af því að bauka í eldhúsinu. Þegar hún var barn fékk hún sér sjaldan einfalt ristabrauð þegar svengdin sagði til sín heldur gerði frekar bitastæðar samlokur og alls kyns kræsingar. Sonur hennar, Orri Olavi Henttinen, hefur erft mataráhugann og tekur öllum tilraunum móður sinnar fagnandi.

Íris Saara velti því fyrir sér á yngri árum að gerast kokkur en þegar hún óx úr grasi og gerði sér grein fyrir óhagstæðum vinnutíma sem starfinu fylgir ákvað hún að snúa sér að öðru en vera þeim mun liðtækari á heimavelli. Íris Saara á hálf-finnska móður og hefur tileinkað sér ýmsa finnska rétti. Dæmi um það er bláberjabaka sem Íris segir alla Finna þekkja. Hún er best með ferskum berjum en þó er líka hægt að nota frosin.

*vera@frettabladid.is*

## MUSTIKKAPIIRAKKA – BLÁBERJABAKA

með mjúkri fyllingu

**Deig**
125 g smjör
1 1/4 dl sykur
2 egg
125 g hveiti
1 tsk. lyftiduft

**Fylling**
300-500 g bláber fersk eða frosin (þíða vel)
1/2 dós sýrður rjómi
1/2 dós grísk jógúrt
1/2 dl sykur
1-2 tsk. vanillusykur
1 egg

*Stillið ofninn á 225 gráður. Hrærið deigið saman og setjið í botninn og upp með hliðunum á eldföstu móti. Dreifið berjunum yfir botninn en geymið nokkur til að skreyta með í lokin. Hrærið afganginum af fyllingunni létt saman og hellið yfir botninn. Skreytið með berjum. Bakið í um það bil 25-35 mínútur eða þangað til kantarnir verða brúnir.*








**Barnatónleikar** Hljómsveitin Pollapönk heldur tónleika fyrir leik- og grunnskólabörn Mosfellsbæjar í Álafosskvos í dag. Pollapönk er hugarfóstur leikskólakennaranna Heiðars Arnar Kristjánssonar og Haraldar Freys Gíslasonar úr Botnleðju. Tónleikarnir eru ókeypis og hefjast klukkan tíu.


Meirapróf






ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 22 september




Stóðhrossin eru á bilinu 600 til 800 talsins og reiðmenn sem taka þátt í ævintýrinu nálægt 200. MYND/JÓN SIGURÐSSON

# Gestir og heimamenn heillast af stóðinu

**Mikið fjör verður í Húnavatnssýslu um helgina því stóði verður smalað á Laxárdal og það rekið í Skrapatungurétt. Paparnir hafa stimplað sig inn sem stóðréttarhljómsveit. Svo er sundurdráttur á sunnudag.**

Gestum er boðið að taka þátt í stóðsmölun í Skrapatungurétt um helgina, leigja hesta hjá heimamönnum eða mæta með sína eigin. Þetta er í tuttugasta skipti sem slíkt fyrirkomulag er við lýði og ýmislegt verður til gamans gert í tilefni af því.

Haukur Suska Garðarsson, Hvammi í Vatnsdal, lætur þennan viðburð ekki framhjá sér fara. Hann rekur ferðaþjónustu og býst við að um þrjátíu manns verði í för með honum, bæði fjölskylda og gestir. „Öllum finnst gaman að sjá hrossin frjáls í sumarhögum, fylgjast með þegar þau eru rekin til byggða og taka þátt í réttunum. Hestamenn koma víða að af landinu auk erlendra gesta og sumir koma ár eftir ár því þeir vilja ekki missa af þessu þjóðlega ævintýri. Mannlífsþátturinn er líka stór því bændurnir sjálfir eru auðvitað merkileg fyrirbæri!“

Lagt er af stað frá Strjúgsstöðum í Langadal kl. 10 á laugardagsmorgun og riðið sem leið liggur norður Laxárdal. Við Kirkjuskarðsrétt er áð um kl. 14 til að taka upp nesti eða kaupa sér veitingar. „Laxárdalurinn er merkilegur dalur og merki byggðar þar vel sjáanleg. Með í för eru kappar eins eins og Valgarður Hilmarsson og Gauti Jónsson sem þekkja hverja þúfu og segja vel frá,“ tekur Haukur fram.

Eftir áninguna er áfram haldið og stóðið rekið í Skrapatungrétt en beðið með frekari réttarhöld þar til á sunnudeginum. Veitingar fyrir svanga smala og aðra gesti eru á Pottinum og pönnunni á Blönduósi og á laugardagskvöldinu leika Paparnir í félagsheimilinu þar. Haukur telur Papana bestu stóðréttarhljómsveit landsins. „Þetta er svona alvöruball bæði fyrir yngri og eldri.“

Byrjað er að draga í sundur í réttinni um klukkan 11 á sunnudag og Haukur segir algengt að fólk finni þar sinn draumagæðing. Hægt er að panta á netfanginu vallih@centrum.is.

*gun@frettabladid.is*


enskafyriralla.is

Enskuskóli Erlu Ara

Auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna með áherslu á tal

Verð 25 þúsund fyrir 10 vikur (20 kennslust) - Styrkt af starfsmenntunarsjóðum

Þú ert velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt!

Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com

Kennsla hefst í næstu viku



Bjóðum einnig námsferðir til Englands fyrir fullorðna og unglinga






TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500




Myndlistarmaðurinn Erró er löngu orðinn heimsfrægur fyrir list sína.

## Klippimyndir Errós

ERRÓ-SÝNING VERÐUR OPNUÐ Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR Á MORGUN AUK ÞESS SEM EFNT VERÐUR TIL KLIPPIMYNDASAMKEPPNI.

Listasafn Reykjavíkur efnir til listasýningar á laugardag og gefur þar að líta um 130 klippimyndir sem Erró hóf að gefa safninu árið 1989. Guðmundur Guðmundsson, oft betur þekktur undir nafninu Erró, mun koma til landsins af því tilefni og verður viðstaddur þegar Jón Gnarr borgarstjóri opnar sýninguna klukkan 15.
Við sama tilefni mun Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, kynna til sögunnar klippimyndasamkeppni, sem Erró býður nemendum og almenningi að taka þátt í, og myndarleg verðlaun sem samkeppninni fylgja. Sýningarstjóri sýningarinnar er Danielle Kvaran. *- jáb*


–20%
af öllum vörum um helgina

Vorum að taka upp nýjar SOYA-vörur og nýja skokka.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINDX

Sími 534 0073
**Erum með opið á lau. kl. 11–16**
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

FJÖRÐUR www.fjordur.is



Bowen Tækni
EUROPEAN COLLEGE OF BOWEN STUDIES

Námskeið í Bowen Tækni

Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál

Kennt í Reykjavík 8. - 12. oktober

Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. í síma 496-0769 og 897-7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is



visir.is
„...ég sá það á vísi“

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 17. september 2010



## VALSARI Í KR-BLOKK

DRÍFA SKÚLADÓTTIR HEFUR SAGT SKILIÐ VIÐ HANDBOLTANN OG SINNIR NÚ MÓÐURHLUTVERKINU OG SAUMASKAP AF KRAFTI.

+ NÝIR LITIR Í FÖRÐUN
+ STELDU STÍLNUM
+ GÓÐ RÁÐ FYRIR HELGINA





FLAKKARATILBOÐ

UNITED
500GB
720/1080i

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✱ klæddu þig vel

## SOKKARBUXUR OG SOKKAR FRÁ KRONKRON

**Skómerkið Kron By KronKron hefur fallið vel í landann og nú hafa þau Hugrún og Magni, eigendur og hönnuðir merkisins, hannað sokkabuxna- og sokkalínu sem komin er í búðir. Línan er munstruð og litrík og getur eflaust flikkað upp á vetrarfataskápinn.**



### Svart á hvítu



Það eru tvær vinkonur, búsettar hvor í sínu landinu, sem halda úti blogginu www.svarta-hvitu.blogspot.com. Á blogginu fjalla þær um allt sem viðkemur hönnun og tísku og miðla einnig góðum ráðum til lesenda sinna. Skemmtilegt er frá því að segja að stúlkurnar sem skrifa bloggið eru verkfræðingur og vöruhönnunarnemi.

### Facehunter



Facehunter er án efa eitt vinsælasta tískublogg heims í dag. Hinn frönskumælandi Yvan Rodic stundar það að ferðast um heiminn og taka myndir af vel klæddu fólki sem hann síðan birtir á vefslóðinni www.facehunter.blogspot.com. Rodic þessi hefur nokkrum sinnum komið til Íslands og skrásett tískustraumana sem hér ríkja. Hann hefur einnig gefið út bók með myndum sínum og inniheldur hún meðal annars myndir af íslenskum tískutáknum.

þetta HELST

### Nýjasta tíska

Bloggið www. fashionistablogg. blogspot.com fjallar einungis um tísku og nýjustu tískustraumana. Stúlkan að baki síðunni er hollensk en skrifar allar færslur á ensku.

Mynd Veru Sölvadóttur verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF:

# DRAUMKENND FANTASÍA

Stuttmyndin Heart to Heart, í leikstjórn Veru Sölvadóttur, verður frumsýnd á RIFF, Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, 26. september næstkomandi.

Myndin fjallar um manneskjur sem tengjast saman vegna sláandi hjarta og segir Vera erfitt að koma orðum að söguþræðinum sem sé svolítið óútskýranlegur, líkt og ástin.

„Myndin er fantasía og handritið er að mörgu leyti mjög draumkennt og þarna fékk ég frelsi til að gera nákvæmlega það sem mig langaði til,“ útskýrir Vera sem naut liðsinnis hjálpfúsra vina við gerð myndarinnar. „Ég fékk mikla aðstoð frá vinum mínum við gerð myndarinnar og léku þeir bæði í henni og unnu hana með mér.

Jarþrúður Karlsdóttir samdi meðal annars tónlistina, sá um hljóðvinnslu og lék í myndinni ásamt mér. Þannig það mætti segja að þetta sé svona „do it yourself“ mynd.“

Heart to Heart verður á meðal tæplega þrjátíu íslenskra mynda sem sýndar eru í myndaflokknum Ísland í brennidepli, en mikil ásókn hefur verið á íslensku myndirnar undanfarin ár. Aðspurð segist Vera mjög spennt fyrir frumsýningunni enda sé þetta í fyrsta sinn sem myndin sé sýnd almennum áhorfendum. „Myndin er ekki nema fimm mínútur að lengd og ég veit ekkert hvort ég á eftir að fá góð eða slæm viðbrögð við henni. Fjölskyldu minni fannst hún aðallega skrítin,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „En ég er mjög ánægð með að myndin sé frumsýnd á RIFF því þetta er orðin svo stór og metnaðarfull hátíð. Ég held að það sé alveg óhætt að segja að RIFF sé á meðal flottustu kvikmyndahátíða heims í dag.“ Vera hyggst senda myndina áfram á aðrar kvikmyndahátíðir á næstunni en þar sem umsóknarferlið er bæði langt og tímafrekt hefur hún enn ekki ákveðið hvaða hátíðir verða fyrir valinu.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimsíðu RIFF, www.riff.is. *- sm*



**Óútskýranleg mynd** Stuttmynd Veru Sölvadóttur, Heart to Heart, verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF 26. september. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Gallaskyrtur verða vinsælar í vetur:

# Villta vestur tískunnar



Gallaskyrtur hafa verið nokkuð vinsælar undanfarið ár, bæði meðal karla og kvenna, og verða engin lát þar á því gallaskyrtur hafa sjaldan verið vinsælli en nú. Skyrturnar fást í ýmsum litum, stærðum og sniðum, allt frá þröngum hippaskyrtum yfir í skemmtilega stelpulega skokka.



**SÖNGKONAN** Kelly Osbourne var meðal þeirra sem sóttu tískuvikuna í New York. Hún mætti í þessu dressi á tískusýningu Betsey Johnson.


„Hollywood“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjörnurnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is

...ég sá það á Vísi



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000









**AFMÆLISVIKA #2 16. - 22. SEPTEMBER**

# Afmælis gjafverð

Á afmælinu okkar færðu allt að 50% afslátt af **húsgögnum**.

epal

35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



REPUBLIC OF **Fritz Hansen®**





**AFMÆLISVIKA #1**
Gjafavara

**AFMÆLISVIKA #2**
Húsgögn

**AFMÆLISVIKA #3**
Ljós

**AFMÆLISVIKA #4**
Ýmislegt óvænt

Erik Jørgensen

**Montana**

FREDERICIA® FURNITURE

# tíðin

✻ fylgist vel með



**HLÝTT FYRIR VETURINN** Nú þegar kuldaboli er farinn að láta á sér kræla er kjörið að draga fram hlýjar hosur, vettlinga og trefla til að klæðast úti í kuldanum. Stórir, þykkir treflar og litrík sjöl verða vinsælir fylgihlutir í vetur líkt og sést hefur á sýningarpöllum hjá hönnuðum á borð við Jill Stuart, Kenzo og D&G. Þeir sem vilja tolla í vetrartískunni ættu því ekki að krókna úr kulda í vetur.



**Náttúrulegt hjá Elite** Stúlkurnar sem keppa í Elite-keppninni voru farðaðar með náttúrulegum litum fyrir myndatökuna.



**Náttúruleikinn í fyrirrúmi** Samkvæmt Marc Jacobs eiga dömurnar að vera með ósjáanlegan farða í vetur og leyfa náttúruleikanum að skína í gegn. NORDICPHOTOS/GETTY



**Grátt og brúnt á augum** Á sýningu Alexanders Wang fyrir haust voru fyrirsæturnar með augnförðun í takt við tíunda áratuginn. Augnskugga sem náði alla leið að augabrúnum. NORDICPHOTOS/GETTY

STÚLKURNAR Í ELITE FARÐAÐAR Í TAKT VIÐ NÝJA STRAUMA OG STEFNUR

## DÖKKIR LITIR ALLSRÁÐANDI Í VETUR



Tískustraumar og stefnur eru ekki bara í fatnaði heldur einnig í förðunarvörum. Samkvæmt spekingum í þeim efnum eru dökkir mattir tónar vinsælir í bland við fallega náttúrulega áferð á húð og hári. Sanseraðir litir víkja fyrir möttum augnskuggum, varalitum og farða.

Samkvæmt Maríu Guðvarðardóttur hjá Mac verður eyeliner áberandi í haust sem og dempaðir litir í augnförðun. Gráir og brúnir mattir tónar á augum verða vinsælir sem og dökkir tónar á vörum. Mac sér einmitt um förðunina á þeim átta stelpum sem taka þátt í Elite-fyrirsætukeppninni hér á landi 26. september. Tvær myndatökur með stelpunum hafa nú þegar farið fram en það er ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson sem stendur bak við linsuna. „Við ætlum að leitast við að halda sem fastast í náttúrulegt útlit stelpnanna en ætlum einnig að gera eitthvað sem tengist nýju haustlínunni hjá Mac," segir María. Undirbúningur fyrir keppnina er á fullu um þessar mundir en hún fer fram á Grand hóteli.



**Dökkar varir** Svarfjólublár varalitur á sýningu Proenza Schouler fyrir komandi haust og vetur. NORDICPHOTOS/GETTY




VELÚR, DOPPUR OG HÁ MITTI

## Alexa Chung með fatalínu fyrir Madewell



**Hress á opnun** Alexa Chung var glöð í bragði á opnuninni í hvítu pilsi og ljósbrúnni peysu. NORDICPHOTOS/GETTY

Sjónvarpsstjarnan Alexa Chung þykir kunna að klæða sig og hefur eiginlega tekið við kyndli Kate Moss sem tískufyrirmynd. Nú hefur hún fetað í fótspor annarra tískuljóna og hannar sína eigin fatalínu fyrir bandarísku verslunarkeðjuna Madewell. Fatalínan kom í verslanir fyrir stuttu og má glögglega sjá fatastíl Chung skína í gegn. Stuttir stelpulegir kjólar, stuttbuxur með háu mitti og doppóttar skyrtur. Brúnir skór og gráir sokkar. Stelpuleg klassík og ef marka má viðtökur vestanhafs á Alexa Chung eftir að láta frekar til sín taka á fatamarkaðnum í framtíðinni. áp



**Flottar stuttbuxur** Fyrirsætur klæðast sætum gallastuttbuxum úr nýju línunni. NORDICPHOTOS/GETTY



the PIER
21% AFSLÁTTUR
af öllu basti
Pier kemur stöðugt á óvart
Indland, Kína, Tyrkland ...
við færum þig nær!
www.pier.is
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



**Hörkudugleg** Drífa Skúladóttir hefur sagt skilið við handboltann og situr nú kvöldin löng við saumaskap.

# ÚR HANDBOLTA Í SAUMASKAP

***Drífa Skúladóttir,*** **fyrrverandi landsliðskona í handbolta, hefur sagt skilið við boltann en fundið nýja ástríðu í saumaskap og uppeldi barna sinna tveggja.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Myndir:* **Anton Brink**

Drífa er uppalin í Breiðholtinu og er ein sex systkina. Heimilislífið var fjörugt í svo stórum barnahópi og segir Drífa þau systkinin öll vera mikla vini. „Ég á fimm systkini og er sjálf tvíburi. Heimilislífið var ofsalega fjörugt og ekki nóg með að þetta hafi verið stórt heimili, þá var þetta eiginlega félagsmiðstöðin í hverfinu líka," segir Drífa og hlær. Ellefu ár eru á milli elsta og yngsta systkinisins og þrátt fyrir aldursmuninn deila þau öll svipuðum áhugamálum og er handbolti þar á meðal. Drífa og tvíburasystir hennar, Dagný, hófu handboltaferil sinn þrettán ára gamlar með íþróttafélaginu ÍR en lengst af léku þær þó með meistaradeild Vals og náðu þar góðum árangri. Tvær aðrar systur Drífu hafa einnig látið til sín taka í handboltanum og á tímabili léku þrjár af systrunum með íslenska kvennalandsliðinu í handbolta á sama tíma. „Það gerðist einu sinni að við vorum allar þrjár inni á vellinum á sama tíma og mynduðum þá annan vænginn. Það var mjög gaman," segir Drífa sem ákvað að leggja boltann á hilluna í fyrra eftir að hún varð ólétt af sínu öðru barni og æfir nú ásamt tvíburasystur sinni með B-liði Vals. Þegar Drífa er innt eftir því hvernig það sé að eiga tvíburasystur svarar hún hlæjandi: „Mér finnst það æðislegt, en ég þekki náttúrulega ekki neitt annað. Það er sérstaklega gaman núna því við erum með börn á svipuðum aldri og maður hefur því alltaf einhvern félagsskap."

### ÚR GETTÓINU Í VESTURBÆ

Að sögn Drífu var æðislegt að alast upp í Breiðholti og segir hún hverfið hafa verið gott og gróið fjölskylduhverfi þrátt fyrir slæmt orðspor. „Þegar við vorum í yngri






## * bak við tjöldin

**Uppáhalds sjónvarpsþáttur?**
The Office.

**Besti maturinn?**
Það er humar.

**Eftirminnilegasta augnablikið?**
Að eignast börnin mín.

**Helsta fyrirmynd?**
Mamma mín og pabbi fyrir að ala upp sex börn!

**Uppáhalds íþróttaliðið?**
Það er Valur.





flokkum ÍR þá heyrði maður sögur af því að foreldrar sumra barna úr öðrum liðum höfðu sagt þeim að fela töskurnar því ÍR-krakkarnir væru svo þjófóttir. Okkur fannst þetta reyndar bara fyndið á þessum tíma og hlógum að þessu snobbi. En í rauninni er voða ljótt að segja svona um tólf ára grey.“

Í dag býr Drífa ásamt fjölskyldu sinni í Vesturbænum og segist hún njóta þess að búa í svo mikilli nálægð við miðbæinn. „Ég bý núna í sjálfri KR-blokkinni og það er bara æðislegt. Mér finnst mjög gott að vera í svona mikilli nálægð við miðbæinn og væri alveg til í að færa mig enn nær. Undanfarin ár hef ég verið dugleg við að rölta með börnin niður í bæ og setjast inn á kaffihús, blaða í tímaritum og stytta mér þannig stundir í fæðingarorlofinu. Ætli ég hafi ekki séð svolítið um að halda kaffihúsinu í bókabúðinni Eymundsson á floti í sumar,“ segir hún glaðlega.

Drífa og eiginmaður hennar, fótboltamaðurinn Sigurvin Ólafsson, eiga saman tvö börn og er hið yngra aðeins fimm mánaða. Hún segir fátt yndislegra en móðurhlutverkið en telur ólíklegt að hún muni feta í fótspor foreldra sinna og eignast jafn stóran barnahóp og þau. „Ég er komin með bæði kynin og mjög ánægð með það,“ segir hún brosandi og bætir við: „Það er alveg óákveðið hvort börnin verði eitthvað fleiri en ég veit í það minnsta að þau verða ekki sex.“

## GAMAN AÐ SINNA ÖÐRUM

| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6.15 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |




# BACKYARD Í BÍÓI PARADÍS

**Heimildarmyndin Backyard var frumsýnd í Bíói Paradís á opnunarkvöldi bíósins á miðvikudag. Myndin fjallar um nokkrar íslenskar hljómsveitir sem tengjast vináttuböndum og starfa mikið saman. Margt var um manninn á frumsýningunni og góð stemning meðal gesta.**



Tónlistarmennirnir Óttarr Proppé og Einar Örn Benediktsson voru hressir á frumsýningunni.



**Á FRUMSÝNINGU** Sindri Kjartansson, framleiðandi Backyard (til vinstri), ásamt leikstjóra myndarinnar, Árna Sveinssyni og leikstjóranum Braga Þór Hinrikssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Ásgrímur Sverrisson, Lovísa Óladóttir, Ari Kristinsson og Ragnar Bragason voru á meðal gesta.



Leikarinn Gunnar Eyjólfsson og kvikmyndagagnrýnandinn Ólafur H. Torfason.



Pólitíkusarnir S. Björn Blöndal og Dagur B. Eggertsson skemmtu sér vel í Bíói Paradís ásamt félaga sínum, Ásgeiri.

# Að gera bakgarðinn frægan

Kvikmyndir ★★★

**Backyard**
Leikstjóri: Árni Sveinsson

Hugmyndin að baki opnunarmyndar Bíós Paradísar í gamla Regnboganum er eins einföld og hugsast getur. Tónlistarmaðurinn Árni Rúnar Hlöðversson ákveður að halda tónleika í garðinum heima hjá sér við Frakkastíg á menningarnótt á síðasta ári og býður sjö hljómsveitum að koma fram: Borko, múm, Hjaltalín, Reykjavík!, Retro Stefson, Sin Fang Bous og FM Belfast, en sjálfur er Árni meðlimur í þeirri síðastnefndu. Þrátt fyrir ólíkar tónlistarlegar áherslur téðra sveita er mikil vinátta og samstarf þeirra á milli og þannig mynda þær lauslega músíksenu sem skrásett er á filmu í myndinni, sem vann til fyrstu verðlauna á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborg 2010 í vor. Fylgst er með stuttum og tilviljanakenndum undirbúningi tónleikanna, skyggnst bak við tjöldin og hljómsveitarmeðlimir teknir tali milli tónlistaratriða.



**SENUÞJÓFAR** Árnarnir á bak við Backyard, þeir Hlöðversson tónlistarmaður og Sveinsson leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í heildina tekst aðstandendum Backyard vel til með það vandmeðfarna form sem tónlistarmyndin er. Sjálf tónlistaratriðin eru góð og yfir fáu að kvarta á þeim bænum, hvort heldur varðandi hljóð, myndatöku (sem fór fram í þröngum og krefjandi aðstæðum í litlum bakgarði) eða frammistöðu hljómsveitanna, sem ætti hvort tveggja að gleðja þá sem þegar eru kunnugir tónlistinni og vekja frekari áhuga þeirra forvitnu. Þá er fyrrnefndur Árni Rúnar afar viðkunnanlegur náungi og kjörinn í hlutverk eins konar leiðsögumanns myndarinnar.

Svipmyndir frá undirbúningi, uppákomum utan sviðs og spjalli hljómsveitarmeðlima og tónleikagesta eru oft og tíðum skemmtilegar og auka gildi Backyard sem samtímaheimildar (heitustu umræðuefnin eru meðal annars svínaflensan og Atli Eðvaldsson, þáverandi þjálfari Valsmanna í knattspyrnu), sem er stór plús þegar um tónlistarmyndir er að ræða. Hins vegar er teygt um of á þessum atriðum þegar líða fer á myndina, á kostnað tónlistaratriðanna, sem kemur örlítið niður á stígandanum. Einnig eiga viðtölin við hljómsveitarmeðlimi það til að verða full einhæf og erfitt að verjast þeirri hugsun að meiri hugmyndaauðgi (og mögulega frekari undirbúningur) hefði gert þann hluta myndarinnar líflegri.

Að því sögðu er myndin fyrst og fremst ánægjuleg heimild um skemmtilega tónlistarsenu. Stemningin er yfir höfuð góð, músíkin líka og Backyard er fínt innlegg í flóru íslenskra tónlistarmynda.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Ánægjuleg heimild um skemmtilega músíksenu. Vel er unnið úr einfaldri hugmynd.





BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna

SÝNINGAR Í DAG

| | |
|---|---|
| BACKYARD | 17, 19, 21 |
| 79 AF STÖÐINNI | 17:20, 19:20, 21:20 |
| ROKK Í REYKJAVÍK | 17:30, 19:30 |
| 101 REYKJAVÍK | 17:10, 19:10, 21:30 |
| ÖSKUDAGUR / KJÖTBORG / ÍSLENSK ALÞÝÐA | 21:20 OPNUN |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR
WWW.BIOPARADIS.IS




DÖMUSUNDBOLUR



9.990 kr.

áður: 9.990 kr.

DÖMUSUNDBOLUR



8.990 kr.

áður: 6.990 kr.

STELPUSUNDBOLUR



5.990 kr.

HERRABOXER



6.990 kr.

áður: 6.490 kr.

HERRABOXER



5.490 kr.

áður: 3.990 kr.

STRÁKABOXER



2.990 kr.

SUNDHETTUR



1.290 kr.

SUNDAUKAHLUTIR



2.990 kr.



1.990 kr.

FROSKALAPPIR



4.990 kr.

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

# sport

sport@frettabladid.is



2 **JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON** skoraði í gær fyrra mark AZ Alkmaar í 2-1 sigri á Sheriff Tiraspol í Evrópudeild UEFA. Þetta er hans annað mark í Evrópudeildinni því hann skoraði einnig gegn IFK Gautaborg í undankeppninni.

*Pepsi-deild karla:*

**Keflavík - Valur 3-1**
1-0 Andri Steinn Birgisson (16.), 2-0 Hörður Sveinsson (21.), 2-1 Martin Pedersen, víti (51.), 3-1 Hörður Sveinsson (69.).

**Fylkir - Grindavík 2-0**
1-0 Davíð Þór Ásbjörnsson (80.), 2-0 Ingimundur Níels Óskarsson (81.).

**Haukar - Fram 2-1**
0-1 Ívar Björnsson (53.), 1-1 Arnar Gunnlaugsson, víti (71.), 2-1 Hilmar Trausti Arnarsson (94.).

**Nánar er fjallað um alla leiki á Vísi.is.*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **20** | **12** | **4** | **4** | **44-23** | **40** |
| ÍBV | 20 | 12 | 3 | 5 | 33-22 | 39 |
| **FH** | **20** | **11** | **5** | **4** | **40-28** | **38** |
| KR | 20 | 10 | 4 | 6 | 39-28 | 34 |
| **Fram** | **20** | **8** | **5** | **7** | **32-31** | **29** |
| Valur | 20 | 7 | 7 | 6 | 32-36 | 28 |
| **Keflavík** | **20** | **7** | **6** | **7** | **23-26** | **27** |
| Stjarnan | 20 | 6 | 6 | 8 | 38-40 | 24 |
| **Fylkir** | **20** | **6** | **3** | **11** | **33-39** | **21** |
| Grindavík | 20 | 5 | 5 | 10 | 23-31 | 20 |
| **Haukar** | **20** | **3** | **8** | **9** | **27-41** | **17** |
| Selfoss | 20 | 4 | 2 | 14 | 27-46 | 14 |








**EINBEITTUR** Alfreð Finnbogason skoraði þriðja mark Breiðabliks í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Blikar, nú tökum við bikar

**Karlalið Breiðabliks stefnir hraðbyri að því að vinna sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil. Liðið stóðst enn eitt prófið gegn KR á útivelli í gær er það vann 1-3 og gerði um leið út um vonir KR. „Það er enn verk að vinna,“ segir þjálfari Blika.**

**FÓTBOLTI** „Blikar, nú tökum við bikar,“ segir í góðu Breiðablikslagi. Það bendir æði margt til þess að sá söngur sé að verða að veruleika eftir frábæran útisigur Blika á sjóðheitum KR-ingum í gær.

Breiðablik er með forystu í deildinni þegar aðeins tvær umferðir eru eftir. Klári liðið Selfoss og Stjörnuna er liðið orðið meistari. Það er ekkert flóknara en það.

Það var fátt sem benti til þess fyrstu 30 mínúturnar að Blikar myndu fá nokkuð úr leiknum í gær. KR-ingar réðu lögum og lofum á vellinum á meðan Blikar virtust vera að fara á taugum. Þeir stóðust þó pressu heimamanna og eftir hálftíma voru þeir búnir að hrista mesta skrekkinn af sér.

Haukur Baldvinsson kom þeim svo yfir með fyrsta færi þeirra í leiknum. Blikar slátruðu svo leiknum í upphafi síðari hálfleiks með tveim góðum mörkum. Frábær innkoma Blika í síðari hálfleikinn. Góður leikur KR fyrir bí og enn og aftur klikkar liðið í úrslitaleik. KR er úr leik og það endanlega að þessu sinni. Titlalaust vonbrigðatímabil í Vesturbænum.

„Þessi sigur var eins og allir hinir – gríðarlega ljúfur,“ sagði sposkur þjálfari Breiðabliks, Ólafur Kristjánsson. „Ég vil ekki meina að við höfum verið að koma eitthvað á óvart í þessum leik. Ég átti von á sigri minna manna. Mörkin okkar voru frábær og við hefðum getað skorað meira. Við erum enn með þetta í okkar hendi en við þurfum að ná fókus fyrir næsta leik og halda áfram. Við megum ekkert slaka á. Það er enn verk að vinna,“ sagði Ólafur en strákarnir hans sýndu karakter að standa af sér áhlaup KR og koma síðan sterkir til baka. Þetta Blikalið getur farið alla leið.

KR-ingar voru eðlilega svekktir með niðurstöðuna en þeir töldu sig hafa verið hlunnfarna í það minnsta í tvígang í leiknum. Eftir 20 sekúndna leik virtist Elfar Freyr rífa Guðjón Baldvinsson niður en ekkert var dæmt. Hefði Jóhannes dómari dæmt hefði hann þurft að vísa Elfari af velli. KR vildi síðan fá víti er boltinn fór í hönd varnarmanns Blika en ekkert var dæmt.

KR-ingar geta ekkert vælt endalaust yfir því. Þeir fengu sín færi en nýttu þau ekki. Þeir hafa fengið tækifæri til þess að koma sér enn betur inn í mótið en klikka ávallt á ögurstundu. Þeir eiga því líklega ekki skilið meira en þeir fengu í sumar.

„Titillinn er farinn en við fengum samt annan séns á honum eftir að hafa verið afskrifaðir. Við erum enn í baráttu um Evrópusæti og getum því ekki hætt þótt þessi leikur hafi farið svona,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR.

„Þetta var ekki eini úrslitaleikur okkar í sumar. Við höfum spilað 10 úrslitaleiki frá því ég tók við og staðið okkur vel. Það mátti lítið út af bera en svona fór þetta.“

henry@frettabladid.is

**KR 1-3 BREIÐABLIK**

*0-1 Haukur Baldvinsson (37.)*
*0-2 Kristinn Steindórsson (47.)*
*0-3 Alfreð Finnbogason (50.)*
*1-3 Guðjón Baldvinsson (64.)*

KR-völlurinn, áhorf.: 3.003
Dómari: Jóhannes Valgeirsson (4)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–11 (6–8) |
| Varin skot | Lars 5 – Ingvar 3 |
| Horn | 7–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–16 |
| Rangstöður | 4–1 |

**KR 4-3-3** Lars Ivar Moldsked 7 – Guðm. Reynir Gunnarsson 6, Mark Rutgers 6, Grétar Sigurðarson 6, Skúli Jón Friðgeirsson 5 – Baldur Sigurðsson 5, Bjarni Guðjónsson 5, Viktor Bjarki Arnarsson 3 (58. Dofri Snorrason 4) – Óskar Örn Hauksson 6 (80. Björgólfur Takefusa -), Kjartan Henry Finnbogason 3, Guðjón Baldvinsson 7.

**Breiðablik 4-3-3** Ingvar Þór Kale 7 – Kristinn Jónsson 6, Kári Ársælsson 7, Elfar Fr. Helgason 7, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 (65. Olgeir Sigurgeirsson 5) – Finnur Orri Margeirsson 5, Guðm. Kristjánsson 6, Jökull Elísabetarson 7 – Haukur Baldvinsson 8 (71. Andri Rafn Yeoman -), Kristinn Steindórsson 7 (80. Guðm. Pétursson), ***Alfreð Finnbogason 8**.




FH og ÍBV unnu sína leiki en Selfoss er nánast fallið:

# Fylgja Blikum eftir

**FÓTBOLTI** ÍBV og FH unnu sína leiki í Pepsi-deild karla í gær og er því enn mikil spenna á toppi deildarinnar. Eyjamenn eru enn stigi á eftir toppliði Breiðabliks og FH tveimur.

ÍBV fagnaði takmarki sumarsins með því að tryggja sér sæti í Evrópukeppninni á næsta ári með því að vinna 2-0 sigur á Selfossi í miklum baráttuleik. Þórarinn Ingi Valdimarsson skoraði fyrra mark ÍBV eftir aðeins sjö mínútur áður en hann þurfti að yfirgefa völlinn meiddur og markvörðurinn Albert Sævarsson innsiglaði síðan sigurinn úr vítaspyrnu tíu mínútum fyrir leikslok.

„Við fögnum því að við náðum okkar háleitu markmiðum. Við erum komnir í Evrópukeppni á næsta ári og það er finnst mér vera frábært afrek hjá okkur," sagði Eyjamaðurinn Tryggvi Guðmundsson sem fékk ekki að taka vítið í lok leiksins. „Þetta var ákveðið því það er liðið sem gengur fyrir. Nú er ég bara búinn að klúðra tveimur vítaspyrnum og það er tveimur of mikið. Þetta var flott hjá Berta. Hann hefur skorað nokkur úr vítum enda nógu klikkaður til að fara á punktinn," sagði Tryggvi.

„ÍBV þurfti engan stjörnuleik hér í dag til þess að vinna okkur. Við vorum hreinlega ekki nógu góðir," sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss, sem á nú bara tölfræðilega möguleika á að halda sér í deildinni.

### Meistaratakturinn fannst í seinni hálfleik

FH-ingar eru áfram með í baráttunni um titilinn eftir að hafa unnið 4-1 útisigur á Stjörnunni. Hafnarfjarðarliðið var dapurt í byrjun, Stjarnan komst yfir úr vítaspyrnu en FH jafnaði úr einu teljandi sókn sinni fyrri hálfleik.

Í seinni hálfleiknum sást svo greinilega hvort liðið hafði að einhverju að keppa. FH-ingar komust í Íslandsmeistaragírinn sinn og réðu lögum og lofum á vellinum. „Þetta var mjög erfiður leikur. Við þurftum að hækka tempóið eftir slakan fyrri hálfleik," sagði markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson.

„Stjarnan var aftarlega á vellinum og beitti skyndisóknum. Þá getur þetta verið erfitt. Það tók tíma að venjast gervigrasinu en við vorum töffarar í seinni hálfleik og ekkert stress í gangi. Nú reynum við bara að vinna okkar leiki. Breiðablik er með pálmann í höndunum og ætti að sigla þessu heim," sagði Gunnleifur.

Bestu menn FH í leiknum voru Freyr Bjarnason sem var sem kóngur í vörninni og miðjumaðurinn Björn Daníel Sverrisson sem skoraði eitt mark og lagði tvö upp.

- óój, egm


**FÖGNUÐUR** FH-ingar skoruðu fjórum sinnum gegn Stjörnunni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stjarnan 1-4 FH

Stjörnuvöllur, áhorf.: 747 — Þóroddur Hjaltalín (7)

*1-0 Halldór Orri Björnsson, víti (13.)*
*1-1 Björn Daníel Sverrisson (35.)*
*1-2 Matthías Vilhjálmsson (61.)*
*1-3 Ólafur Páll Snorrason (82.)*
*1-4 Atli Guðnason (83.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–13 (6–7) |
| Varin skot | Bjarni 3 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 3–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–11 |
| Rangstöður | 2–4 |

| **STJARNAN** 4–5–1 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. | 6 | Gunnl. Gunnleifsson | 7 |
| Bjarki Páll Eysteinss. | 4 | Pétur Viðarsson | 4 |
| Tryggvi Bjarnason | 5 | Freyr Bjarnason | 8 |
| (71. Birgir Birgisson | -) | Tommy Nielsen | 6 |
| Daníel Laxdal | 6 | (84. Helgi Valur Pálss. | -) |
| Hilmar Þór Hilmarss. | 3 | Hjörtur Logi Valg. | 7 |
| Atli Jóhannsson | 6 | Hákon Atli Hallfr. | 6 |
| Björn Pálsson | 6 | ***Björn Daníel Sv.** | **8** |
| Halldór Orri Björnss. | 7 | Ólafur Páll Snorras. | 6 |
| Þorvaldur Árnason | 5 | (87. Gunnar Már G. | -) |
| Arnar Már Björgvinss. | 6 | Matthías Vilhjálmss. | 7 |
| Ólafur Karl Finsen | 7 | Atli Guðnason | 7 |
| | | Atli Viðar Björnsson | 5 |
| | | (75. Gunnar Kristj. | -) |

**Maður leiksins*

## Selfoss 0-2 ÍBV

Selfossvöllur, áhorf.: 1124 — Örvar Sær Gíslason (7)

*0-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (5.)*
*0-2 Albert Sævarsson, víti (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–12 (2–5) |
| Varin skot | Jóhann 3 – Albert 2 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 3–3 |

| **SELFOSS** 4–5–1 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Jóhann Ólafur Sig. | 6 | Albert Sævarsson | 6 |
| Sigurður Eyberg G. | 4 | Arnór Eyvar Ólafss. | 5 |
| (74. Einar Ottó Ant. | -) | Eiður Aron Sigurbj. | 7 |
| Jón Guðbrandsson | 4 | ***Rasmus Christians.** | **7** |
| Agnar Bragi Magn. | 6 | Matt Garner | 7 |
| Andri Freyr Björnss. | 3 | Andri Ólafsson | 6 |
| Ingþór J. Guðm. | 5 | Finnur Ólafsson | 6 |
| (64. Sævar Þór G. | 5) | Þórarinn Valdimarss. | 6 |
| Martin Dohlsten | 6 | (30. Danien Warlem | 3) |
| Guðm. Þórarinsson | 4 | Tony Mawejje | 4 |
| (64. Arilíust Mart. | 4) | Denis Sytnik | 6 |
| Viðar Örn Kjartanss. | 5 | (76. Eyþór Helgi B. | -) |
| Jón Daði Böðvarsson | 5 | Tryggvi Guðm. | 6 |
| Viktor Unnar Illugas. | 4 | (85. Yngvi Borgþ. | -) |

**Maður leiksins*


# Samgönguvika í Reykjavík
**Dagskrá 17. og 18. september**



Föstudagur 17. september

**Myndum Borg!**
Málþing í Listasafni Reykjavíkur, kl. 15.00-17.00
Mælendur: Jón Gnarr borgarstjóri, Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Gísli M. Baldursson borgarfulltrúi, Sigrún Helga Lund Samtök um bíllausan lífsstíl, Ólafur Mathiesen arkitekt, Bergur Ebbi Benediktsson borgarbúi og Páll Hjaltason formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Léttar veitingar.

Laugardagur 18. september

**Hjóladagur fjölskyldunnar**
Hjólalestir úr úthverfum í Ráðhús Reykjavíkur. Kaffi og ávextir í boði Samgönguviku í Reykjavík. Útgáfa göngu- og hjólastígakorts 2010.

sjá nánar á: www.reykjavik.is/samgonguvika

16.-22. SEPTEMBER SAMGÖNGUVIKA Í REYKJAVÍK




# TÍU TÆKI Á TILBOÐI

3 TÆKI Í PAKKA TILBOÐ

**AEG** FRYSTIKISTUR:
EL12HL (110 L) - 86x55x60 cm *Kr. 55.900,-*
EL22HL (202 L) - 86x72x73 cm *Kr. 89.900,-*
EL35HL (331 L) - 86x105x73 *Kr. 99.900,-*
EL45HL (427 L) - 86x130x73 cm *Kr. 106.900,-*
EL53HL (504 L) - 86x150x73 cm *Kr. 118.900,-*
EL61HL (580 L) - 86x170x73 cm *Kr. 135.900,-*

sinbo TD-6113
**Eldsnöggur og hörkuflottur 5 lítra blástursofn**
NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA
20 - 30% fljótari en hefðbundinn ofn og eyðir 70 - 80% minni orku
TILBOÐSVERÐ kr. 19.900,-

**Elektro Helios þvottavél**
TF 1255e
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Sænskt stjórnborð
íslenskar leiðbeiningar
Öll hugsanlega þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
TILBOÐSVERÐ kr. 79.900,-
VERÐ ÁÐUR: 99.900,-

ÞÚ SPARAR 80.000,-
AEG
· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
· AEG VEGGHÁFUR [DK 3160-M]
TILBOÐSVERÐ kr. 209.900,-
LISTAVERÐ 289.900,-

**DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG**
*Þær gerast ekki betri!*
TILBOÐSVERÐ kr. 14.900,-
LISTAVERÐ 21.900,-
AEG CEK 41740
1700 WÖTT

**FÍNN ÖRBYLGJUOFN**
sinbo SMO-3620 S
HVÍTUR 700W
17 Lítra
Tíma og styrkstillir Snúningsdiskur
Utanmál ofns:
H: 26,2 / B: 45,2 / D: 33,5
TILBOÐSVERÐ kr. 8.990,-
LISTAVERÐ 14.900,-

**AEG ÞVOTTAVÉL**
AEG LW 62840
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma.
Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B · Orkuflokkur: A+
TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
LISTAVERÐ 119.900,-

**AEG ÞURRKARI**
AEG Lavatherm T55460
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 6 kg
Mjög hljóðlátur
Notendahandbók á íslensku
TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
LISTAVERÐ 119.900,-

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

ORMSSON

## > Jim Carrey

„Á bak við hvern stórkostlegan mann er kona sem ranghvolfir augunum.“

***Jim Carrey leikur hinn lygna Fletcher Reede í gamanmyndinni Liar, Liar sem er á dagskrá Stöð 2 kl. 21.40 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON RIFJAR UPP ANDRÉSAR-MÁLIÐ

# Skandinavískir frændur koma til bjargar

Fyrir skemmstu skráði heimilisfólkið sig í tveggja manna andspyrnuhreyfingu sem hefur það eitt á stefnuskrá sinni að horfa ekki á meginstraums-sjónvarpsefni. Sem þýddi að bæði Stöð 2 og RÚV voru sjálfkrafa teknar út af dagskrárvalinu. Annar aðilinn í hreyfingunni gerði sig auðvitað strax sekan um landráð þegar hann horfði á tvö meistaradeildarkvöld á Stöð 2 Sport sem voru styrkt í bak og fyrir af auðvaldinu (þetta er djók).

Allavega. Markmið hreyfingarinnar var að finna vitrænt sjónvarpsefni. Skandinavísku sjónvarpsstöðvarnar virðast einhvern veginn bjóða upp á slíkt efni; ég sá til að mynda danskan þátt um smáskífuna Hard Knock Life með Jay Z þar sem saga upprunalega lagsins var rakin en Hard Knock Life er sungið í söngleiknum Annie sem mágur minn hatar.



Af því að konan mín vildi bara horfa á Annie þegar hún var lítil. Fjörutíu mínútna þáttur með höfundi söngleiksins, söngkonunni sem söng lagið í myndinni, gæjanum sem fann taktinn og svo Jay-Z sjálfum. Þetta örvaði heilastarfsemina meira en allir heimsku og fyrirsjáanlegu amerísku sjónvarpsþættirnir. Og svo horfði ég á breskan þátt um jihad-kynslóðina í Bretlandi. Á norsku ríkisstöðinni. Alveg einstaklega fróðlegur þáttur um öll þau ráð sem breska ríkisstjórnin hefur til að koma í veg fyrir að ungir breskir múslimar aðhyllist öfgasamtök á borð við Al Kaída.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að föstudags- og laugardagskvöld eru undantekningar frá þessu andófi. Þá er leyfilegt að slökkva á heilanum og láta mata sig af stefnu ameríska heimsveldisins í tilefni þess að þá eru nammidagar.

## FÖSTUDAGUR



▶ **17.55 Pepsímörkin** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Thelma & Louise** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10 Bachelor** SKJÁREINN



▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Ég er nefnilega svo aldeilis yfirgengilega magnaður að lifa** Mynd um Stefán Jónsson frá Möðrudal málara og lífskúnstner. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**16.35 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fræknir ferðalangar** (63:91)

**17.55 Leó** (25:52)

**18.00 Manni meistari** (15:26)

**18.23 Unglingalandsmót UMFÍ** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna.

**21.20 Vicky og Cristina í Barcelona** (Vicky Cristina Barcelona) Bandarísk bíómynd frá 2008. Tvær vinkonur í sumarfríi á Spáni verða hrifnar af sama málaranum en fyrrverandi eiginkona hans, sem hann á í stormasömu sambandi við, er ekki langt undan.

**22.55 Tilboðið** (The Proposition) Bandarísk bíómynd frá 1998. Séra Michael McKinnon flyst frá Bretlandi til Boston 1935. Af ókunnum ástæðum forðast hann helstu broddborgarana í sókninni, Arthur og Eleanor Barret. Þau þrá að eignast barn en Arthur er ófrjór. Þau fá laganema við Harvard til að geta Eleanor barn en hann verður ástfanginn af henni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Proof**

**10.00 Employee of the Month**

**12.00 Happily N'Ever After**

**14.00 Proof**

**16.00 Employee of the Month**

**18.00 Happily N'Ever After**

▶**20.00 Thelma and Louise**

**22.05 Silent Hill**

**00.10 Lonesome Jim**

**02.00 Half Nelson**

**04.00 Silent Hill**

**06.05 A Fish Called Wanda**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll

**07.45 Kalli litli Kanína og vinir**

**08.10 Lalli**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 60 mínútur**

**11.05 Beauty and the Geek** (9:10)

**11.50 Amne$ia** (6:8)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:4)

**13.50 La Fea Más Bella** (238:300)

**14.35 La Fea Más Bella** (239:300)

**15.25 Wonder Years** (12:17)

**15.55 Camp Lazlo**

**16.18 Kalli litli Kanína og vinir**

**16.43 Tommi og Jenni**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (5:25)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 American Dad** (13:20)

**19.45 The Simpsons** (14:21)

**20.10 Amerískí draumurinn** (5:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.

**20.55 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu.

**21.40 Liar Liar** Sannleikurinn getur verið yfirmáta óþægilegur á stundum.

**23.05 See No Evil** Hrollvekja um hóp af vandræðaunglingum.

**00.30 Shopgirl** Frábær og einstaklega ljúfsár rómantísk gamanmynd.

**02.10 Transamerica**

**03.50 California Dreaming**

**05.15 The Simpsons** (14:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsí deildin 2010** KR- Breiðablik.

**16.05 Pepsí deildin 2010** KR- Breiðablik.

▶**17.55 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

**19.05 BMW Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**20.00 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.

**20.30 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

**21.00 Tournament Of Champions** Sýnt frá Tournament of Champions en mótið er hluti af World Series of Poker.

**21.55 PCA Bahamas - Main Event 1** Sýnt frá PCA Bahamas Main Event en mótið fer fram á Bahamas.

**22.45 PCA Bahamas - Main Event 2** Sýnt frá PCA Bahamas Main Event en mótið fer fram á Bahamas.

**23.35 Liverpool - Steaua** Útsending frá leik Liverpool og Steaua í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

**17.00 West Ham - Chelsea / HD** Enska úrvalsdeildin.

**18.45 Arsenal - Bolton** Enska úrvalsdeildin.

**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**22.00 Football Legends - Garrincha** Þættir um bestu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni er komið að Garrincha.

**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.

**23.00 Man. City - Blackburn** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (1:14) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.40 Rachael Ray** (e)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (1:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.25 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.

**18.05 Friday Night Lights** (2:13) (e)

**18.55 How To Look Good Naked - Revisited** (5:6) (e)

**19.45 King of Queens** (18:25) (e)

▶**20.10 Bachelor** (6:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Núna heimsækir Jason stelpurnar fjórar sem eftir eru og kynnist fjölskyldum þeirra.

**21.40 Last Comic Standing** (2:14) Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni.

**22.30 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (1:8) Breskur gamanþáttur þar sem falin myndavél er notuð til að koma fólki í opna skjöldu. Grínggellan Olivia Lee bregður sér í ýmis gervi og hrekkir fólk.

**22.55 Sordid Lives** (2:12) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegar konur í smábæ í Texas.

**23.20 Parks & Recreation** (20:24) (e)

**23.45 Law & Order: Special Victims Unit** (6:22) (e)

**00.35 Premier League Poker II** (7:15)

**02.20 Jay Leno** (e)

**03.05 Jay Leno** (e)

**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin skoðar nýjustu tíðindi.

**21.00 Golf fyrir alla** 14. og 15. braut með Ásu Helgu og Þóru.

**21.30 Eldum íslenskt** Það gerist ekki betra íslenska nýmetið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Logi í beinni



Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonunginum Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur. Gestir í þessum fyrsta þætti vetrarins verða Jón Gnarr borgarstjóri og Þorbjörg Marinósdóttir, rithöfundur og sjónvarpskona. Klassart og Retro Stefson sjá um tónlistina.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Ameríski draumurinn**

**Stöð 2 kl. 20.10**

Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng. Þeim til aðstoðar í ferðinni eru þeir Egill Gilzenegger og Villi Naglbítur.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.15** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Fram á nótt
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Rölt milli grafa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Fjölradda sveiflusöngur
**21.10** Hringsól
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.13** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.05 Last Man Standing** (1:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum. Í þáttunum heimsækja þeir afskekkta staði víðs vegar um heiminn þar sem þeir kynnast nýjum bardagaaðferðum og etja kappi við frumbyggja.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 NCIS: Los Angeles** (5:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.

**22.35 The Closer** (11:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**23.20 The Forgotten** (9:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**00.05 Last Man Standing** (1:8)

**01.00 The Doctors**

**01.40 Ameríski draumurinn** (5:6) Hörkuspennandi og sprenghlægilegir þættir með Audda og Sveppa í æsilegu kapphlaupi yfir Bandaríkin þver og endilöng.

**02.25 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonunginum Loga Bergmann.

**03.10 Fréttir Stöðvar 2**

**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Vicar of Dibley **12.35** Vicar of Dibley **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Lab Rats **14.35** Lab Rats **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** Harry and Paul **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Extras **19.30** Kiss Of Death **20.15** Jonathan Creek **21.10** Come Dine With Me **21.35** The Jonathan Ross Show **22.25** Vicar of Dibley **22.55** Torchwood **23.40** Kiss Of Death

## DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Sporløs **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** AF1 - alle for 1 **14.50** Alfred **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Ken-Allen og friheden **15.45** Schhhhh **15.55** Lillefinger **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2010 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 2010 **19.55** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.40** Million Dollar Baby **22.50** Elektra

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.35** Norge rundt **18.00** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Tause vitner **21.10** Kveldsnytt **21.25** Nedenom og hjem **21.55** Pop-revy fra 60-tallet **22.25** Hjerte til hjerte **23.05** Little Britain USA **23.35** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.45** I Anneli **13.15** Veronica Mars **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mat som håller **15.25** Niklas Mat **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010: Slutdebatten **20.00** Utan spår **21.40** Elvis Costello med gäster **22.25** Spelets regler



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég fer stundum á Al-Amir í Hafnarfirði og fæ mér falafel. Það er rosalega gott. Það er gaman að fara út úr miðbænum og uppgötva eitthvað nýtt.“*

María Rut Reynisdóttir, starfsmaður Iceland Airwaves.

# Karl Th. með stórskotalið í fyrstu þáttum

Fyrsta uppfærslan af Orð skulu standa fer á fjalir Borgarleikhússins á þriðjudaginn. Karl Th. Birgisson segir engar æfingar hafa átt sér stað enda sé það ómögulegt; þetta verði spuni frá fyrsta orði. „Við erum búin að fá fólk í fyrstu fjóra þættina og þetta eru allt stórkanónur,“ segir Karl en þeir sem koma fram í fyrsta þættinum eru stórleikarinn og -söngvarinn Egill Ólafsson og ein vinsælasta leikkona landsins, Ilmur Kristjánsdóttir.

Karl Th. segir mikla spennu í mannskapnum enda hafi svona yfirfærsla ekki verið gerð áður hér á Íslandi. Eins og í útvarpsþáttunum sálugu eru þau Davíð Þór Jónsson og Hlín Agnarsdóttir gestum þáttarins til halds og trausts en Pálmi Sigurhjartarson mun sitja við flygilinn og töfra fram ljúfa undirtóna.

Í öðrum þættinum verða ekki síðri kanónur þegar Kristján Kristjánsson, KK, og Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, leiða saman hesta sína og í þeim þriðja stíga þau Guðrún Ásmundsdóttir og Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi Besta flokksins, á svið. Fjórði dúettinn sem hefur verið gengið frá er síðan Brynhildur Guðjónsdóttir og Gunnar Eyjólfsson. - fgg



**STÓRSKOTALIÐ** Karl Th. tekur á móti stórskotaliði í leikhúsuppfærslunni af Orð skulu standa. Meðal þeirra sem stíga á svið eru Egill Ólafsson, Ilmur Kristjánsdóttir og KK.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/9 kl. 13:00 U | Lau 25/9 kl. 15:00 Ö | Sun 3/10 kl. 13:00 Ö |
| Lau 18/9 kl. 15:00 U | Sun 26/9 kl. 13:00 Ö | Sun 3/10 kl. 15:00 |
| Sun 19/9 kl. 13:00 U | Sun 26/9 kl. 15:00 Ö | Lau 9/10 kl. 13:00 |
| Sun 19/9 kl. 15:00 U | Lau 2/10 kl. 13:00 | Lau 9/10 kl. 15:00 |
| Lau 25/9 kl. 13:00 Ö | Lau 2/10 kl. 15:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 17/9 kl. 20:00 U | Lau 25/9 kl. 20:00 Ö | Fös 8/10 kl. 20:00 |
| Lau 18/9 kl. 20:00 U | Sun 26/9 kl. 20:00 U | Lau 9/10 kl. 20:00 |
| Sun 19/9 kl. 20:00 U | Fim 30/9 kl. 20:00 Ö | |
| Fim 23/9 kl. 20:00 Ö | Fös 1/10 kl. 20:00 Ö | |
| Fös 24/9 kl. 20:00 Ö | Lau 2/10 kl. 20:00 U | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/9 kl. 19:00 Ö | Fös 1/10 kl. 19:00 Ö | Sun 17/10 kl. 19:00 Ö |
| Sun 19/9 kl. 19:00 Ö | Lau 2/10 kl. 19:00 Ö | Sun 24/10 kl. 19:00 |
| Fös 24/9 kl. 19:00 U | Sun 3/10 kl. 15:00 Ö | Þri 26/10 kl. 19:00 U |
| Lau 25/9 kl. 19:00 Ö | Fös 8/10 kl. 19:00 Ö | Mið 27/10kl. 19:00 Ö |
| Fim 30/9 kl. 19:00 U | Lau 9/10 kl. 19:00 | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fös 29/10 kl. 20:00 Ö | Lau 13/11 kl. 20:00 |
| Fim 4/11 kl. 20:00 Ö | Fös 26/11 kl. 20:00 |

**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| |
|---|
| Fös 17/9 kl. 20:00 síð.sýn. U |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.




MYND/CHARLIES

**TÓKUST VEL** Alma, Klara og Steinunn voru eilítið stressaðar áður en þær stigu á svið LA Roadshow en allar helstu umboðsskrifstofur Bandaríkjanna og útsendarar stórfyrirtækja mæta á sýninguna til að sjá vonarstjörnur framtíðarinnar.

**ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR:** THE CHARLIES STÓÐUST HÁKARLAPRÓFIÐ Í LA

# Skelltu sér á djammið með Jack Osbourne eftir tónleika

„Við vorum alveg rosalega stressaðar en náðum að yfirvinna það og njóta stundarinnar,“ segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona úr The Charlies. Fyrstu kynningartónleikar (e. show case) íslensku söngkvennanna í The Charlies síðan þær sömdu við Hollywood Records voru í Los Angeles í fyrrakvöld. Að sögn Ölmu voru áhorfendurnir ekki þeir auðveldustu í heiminum. Fólkið í salnum var bransafólk sem var ekki komið til að skemmta sér heldur til að mæla út hvert og eitt einasta smáatriði. „Þetta voru hákarlarnir í bransanum, fólk frá umboðsskrifstofum og fyrirtækjum sem vildi sjá hvað hver hefði upp á að bjóða og hvort það væri eitthvað vitrænt,“ útskýrir Alma og bætir því við að þær hafi þó uppskorið klapp frá viðstöddum en slíkt er víst ekkert algilt á tónleikum sem þessum. Meðal fyrirtækja sem sækja atburði á borð við þennan má nefna Levi‘s, McDonald‘s, Nike, Apple og Playstation.

> Auðvitað saknar maður fjölskyldunnar og vinanna en við erum að gera eitthvað sem okkur hefur dreymt um og ég held að það sýni því allir skilning.
>
> **ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR** SÖNGKONA ÚR THE CHARLIES

Stúlkurnar voru næstsíðastar á svið og fluttu meðal annars lagið Game Over. Þótt flestir í salnum hafi verið umboðsmenn þá mætti söngkonan Carmit, sem eitt sinn var meðlimur í hinum djarfa sönghópi Pussycat Dolls, til að hlýða á þær en The Charlies og Carmit eiga sameiginlega vinkonu. Að sögn Ölmu fóru þær síðan aðeins út á lífið til að ná sér niður eftir hákarlaprófið og hittu meðal annars Jack Osbourne, son hins ódrepandi rokkara Ozzy Osbourne, sem Alma segir hafa verið ákaflega viðkunnanlegan.

Fjórir mánuðir eru liðnir síðan stúlkurnar fluttu út til Kaliforníu og Alma segir þær ekki vera komnar með vott af heimþrá. „Auðvitað saknar maður fjölskyldunnar og vinanna en við erum að gera eitthvað sem okkur hefur dreymt um og ég held að það sýni því allir skilning.“ Alma fær hins vegar að hitta fjölskylduna í næsta mánuði þegar bróðir hennar, Daði Guðmundsson, gengur í það heilaga í San Fransisco. The Charlies taka að sjálfsögðu lagið. Næg verkefni eru svo fram undan hjá sveitinni en þær eiga að fara í útvarpstúr um öll Bandaríkin í byrjun janúar á næsta ári. Þær munu þá þeytast um landið í flugvél og heimsækja stærstu útvarpsstöðvarnar til að kynna tónlist sína. Stúlkurnar ætla hins vegar að koma heim um jólin, líklega í byrjun desember og Alma útilokar ekki að þær haldi litla tónleika hér heima.

freyrgigja@frettabladid.is


**GRUNDVALLARRIT**

Ný aukin og endurbætt útgáfa *Skotvopnabókarinnar* eftir Einar Guðmann




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

SKYLDUEIGN FYRIR ALLA ÁHUGAMENN UM SKOTVEIÐI


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Þótt íslenskir gagnrýnendur hafi ekki beinlínis hoppað hæð sína af kæti yfir Reykjavík Whale Watching Massacre þá virðist myndin hitta í mark þegar hún fer út fyrir landsteinana. Lofsamlegir dómar hafa birst um myndina í dönskum fjölmiðlum og nýverið fékk Jean Noel Mustonen verðlaun fyrir bestu kvikmyndatökuna á alþjóðlegu hryllingsmyndahátíðinni Estepona Fantasy and Horror sem haldin er árlega á Costa Del Sol. Leikstjórinn **Júlíus Kemp** getur því leyft sér að brosa út í annað.



**Davíð Þór Rúnarsson** sem hefur haldið pókermót á Gullöldinni hefur nú fest kaup á staðnum og ætlar að efla starfsemina til muna. Morgundagurinn verður tileinkaður kvenfólki því um daginn verður haldið þar svokallað píupókermót og um kvöldið tekur síðan við dömukvöld þar sem fríir drykkir verða í boði. Um veislustjórn sér leikkonan Helga Braga Jónsdóttir og sjálfur Ingó Veðurguð mætir síðan og heldur uppi stemningunni með söng og gítarspili.



Astraeus Airlines gekk í vikunni frá ráðningarsamningi við breska þungarokkarann og flugmanninn **Bruce Dickinson** sem er hvað þekktastur fyrir að vera söngvari Iron Maiden. Astraeus er að öllu leyti í eigu eignarhaldsfélagsins Fengs sem Pálmi Haraldsson stjórnar.



- fgg, fb


Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÓDÝR FLOTT FÖT Á STELPUR OG STRÁKA
Troðfullt hús af nýjum og flottum barnavörum. Og eins og venjulega, seljum við ódýrt!
Opid til 20,00 öll virk kvöld : )
WWW.GULAHUSID.IS
OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-20.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hættur í pólitík



Tónlistarmaðurinn **Barði Jóhannsson** er hættur varaformennsku fyrir Besta flokkinn í skipulagsráði Reykjavíkurborgar. Í hans stað kemur annar poppari, borgarfulltrúinn Óttarr Proppé. Um sameiginlega ákvörðun var að ræða að sögn Barða. Lítið hafði reynt á Barða sem varaformann og yfirgefur hann því stjórnmálin í góðu.

### Úr banka á fund



Nokkuð skýr mynd er komin á Þjóðfundinn 2010 sem blásið verður til 6. nóvember næstkomandi en fjölmiðlakonan **Berghildur Bernharðsdóttir**, sem nýverið hætti sem upplýsingafulltrúi Arion banka, hefur tekið við starfi upplýsingafulltrúa fundarins. Á þjóðfundinum verður kallað eftir áherslum almennings um stjórnskipan landsins, stjórnarskrá og breytingar á henni og verða þær lagðar fyrir stjórnlagaþing í byrjun næsta árs.

### Stefán sektar KR-inga



**Stefán Eiríksson** og hans menn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa verið duglegir síðustu misseri að hegna þeim sem álpast til að leggja ólöglega við íþróttaleikvanga. Síðast fengu ólöghlýðnir gestir á leik KR og Breiðabliks í Frostaskjóli í gærkvöldi að finna til tevatnsins. Þannig blöstu stöðubrotssektir við fjölda gesta þegar haldið var heim á leið, og það var tæpast til að létta lund KR-inganna, sem þurftu að horfa upp á sína menn tapa. **- fb, jab, sh**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Kærður fyrir tuttugu kynferðisbrot á löngu árabili
2. Nítján konur lögðu fram kærur gegn hálfáttræðum...
3. Jón Stóri laus úr haldi - segist hafa verið að miðla málum
4. Sprengjumaður reiddist veggjakroti
5. Óhugnanleg upptaka af hótunum meints...




